

#### **4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Kjartan Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það er við hæfi hér að við í borgarstjórn ræðum um leikskólamálin því að þau hafa töluvert verið til umfjöllunar í borginni að undanfögnu og ekki síst í fjölmiðlum og það hafa að undanfögnu borist ábendingar um það að fjöldi lausra leikskólarýma væri fyrir hendi á leikskólum borgarinnar þrátt fyrir að um tæplega 1000 börn fædd 2010 séu á svokölluðum virkum biðlista. Og þannig að það er ljóst að það er einhver fjöldi leikskólarýma sem er ónotaður á meðan svo mörg börn eru á biðlista. Nú, fjölmiðlar sem sagt fjölluðu um þetta mál og fréttastofa Ríkissjónvarpsins eða útvarpsins reyndi að afla sér upplýsinga um málið en fékk ekki upplýsingar, þannig að vaskir fréttamenn þar á bæ þeir sendu tölvupóst og reyndu sjálfir að afla sér upplýsinga frá leikskólastjórum. Þá greip hið nýja skóla- og frístundasvið til sinna ráð og óskaði eftir því að leikskólastjórar gæfu ekki upplýsingar með þeim hætti beint í fjölmiðla heldur yrði það gert með miðlægum hætti.

Formaður skóla- og frístundaráðs kom í fjölmiðla og sagði að sökum þess hve stór 2009 árgangurinn væri, þá hafi verið tekin sú ákvörðun og lögð megináhersla á að koma honum fyrir, um það væri í sjálfu sér pólitísk sátt en hefja ekki innritanir á 2010 árganginum á þessu ári. Röksemdin var sú að það væru ekki til peningar og það er vissulega röksemd, en hinsvegar var alveg ljóst frá upphafi að hluti þessara auðu rýma sem voru fyrir hendi, það var hægt að ráðstafa þeim án þess að ráða fleira starfsfólk. Og ég gerði ákveðnar athugasemdir við stjórnsýsluna í þessu máli, ég held að það hefði verið betri stjórnsýsla að ræða þetta með ítarlegri hætti í ráðum borgarinnar en var gert, bæði í menntaráði á sínum tíma og einnig í skóla- og frístundaráði.

Við megum ekki gleyma því, borgarfulltrúar, að við erum hér fyrst og fremst í okkar störfum til þess að þjóna fólki, þjóna borgarbúum, og ég held að það hefði verið algjörlega einnar messu virði eða tveggja að ræða um það þegar ljóst var að við værum að ná þeim árangri að ná 2009 árganginum inn, veita honum rými í okkar leikskólum og ég dreg alls ekki úr því að ég tel að þar hafi að mörgu leyti vel tekist til og á vissan hátt stórvirki verið unnið. Þá held ég að við hefðum líka átt að velta því fyrir okkur og það átt að ræðast betur, hvort það væri ekki hægt, fyrst það voru laus pláss fyrir hendi, að nýta þau til þess að hefja inntöku á

Bstj. 15. nóvember 2011

börnum úr 2010 árganginum. Ekki til peningar sagði formaðurinn og það er ágætis röksemd út af fyrir sig, en það segir ekki alla söguna vegna þess að það ver sýnt fram á það í fjölmiðlum að það væri hægt að bæta við börnum, byrja að taka börnin úr 2010 árganginum án þess að ráða fleira starfsfólk og í rauninni án þess að það kostaði aukin fjárútlát í sjálfu sér. Þetta dregur líka athyglina að því sem var kannski ákveðinn málefnaágreiningur um í menntaráði á sínum tíma þegar við ræddum um það hvernig væri best að takast á við þessa fjölgun barna í Reykjavík, að meirihlutinn tók mjög meðvitaða ákvörðun um það, að leggja megináherslu á dýrustu úrræðin, á dýrustu leikskólaúrræðin, vissulega þar sem mikil þjónusta er veitt, en við sjálfstæðismenn bentum á það að við ættum að reyna að koma til móts við sem flesta og leggja einnig áherslu á ódýrari úrræði, til dæmis að fjölga rýmum hjá dagforeldrum og koma bara almennt til móts við fólk sem kemur ekki börnum sínum inn á leikskólann þótt það fegið vildi. Og þá kem ég að þjónustutryggingunni. Þjónustutryggingin, sem var af einhverjum ástæðum þyrnir í augum núverandi meirihluta og hann flýtti sér að afnema þegar að hann komst til valda. En þetta leiðir hugann að því að kannski hefðu menn átt að halda þessari þjónustutryggingu inni, því að bara með þeim hætti er verið að koma til móts við fólk sem kemur ekki börnum sínum inn á leikskóla.

Og auðvitað er það þannig að með því að nýta þessi tiltæku rými í leikskólanum, þá erum við að tryggja börnum gott uppeldisumhverfi, draga úr útgjöldum barnafjölskyldna og það er auðvitað mjög skiljanlegt að fólkið í borginni skuli hvá við og fjölmiðlamenn reka í rogastans þegar þeir komast að því með tiltölulega einfaldri rannsóknarblaðamennsku að það séu auð rými en meirihlutanum sé einhver þyrnir í augum að nota þessi rými. Og auðvitað er náttúrulega fólk undrandi yfir því, það reynir á okkur sem aldrei fyrr, borgarfulltrúa í Reykjavík, að forgangsraða fjármunum við þessar aðstæður og bara þegar maður horfir út um glugga Ráðhússins þá veltir maður því fyrir sér að í sömu viku og formaður skóla- og frístundaráðs segir að það séu ekki peningar til að taka á móti fleirum reykvískum börnum inn á leikskóla borgarinnar, þá berast fréttir af því að það sé verið að rífa hér upp aspir og skipta um tré við Ráðhúsið í furðulegu einkastríði meirihlutans við aspir í borginni og það hefur auðvitað margoft verið bent á það að það sé auðvitað heppilegra bara að skipta um leiðslur, það eru frekar leiðslurnar í jörðinni sem þessar aspir skemma en það er erfitt líka því að

Bstj. 15. nóvember 2011

fjármunir til endurnýjunar og viðhalds á veitukerfi borgarinnar hafa mjög verið skornir niður að undanfögnu.

Það eru ekki til peningar til að taka á móti fleiri börnum á leikskólum en það eru til peningar til að rífa upp aspir og það eru til peningar til að bjóða erlendum rithöfundum hingað til lands í boði Reykjavíkurborgar, ekki einungis að forða honum í skjól undan þeirri hættu sem hann kann að vera í, sem ég held að sé í sjálfu sér hið besta mál, heldur heyrði ég ekki betur en hann ætti búa hér og búa hér í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar og fá framfærslueyri á vegum Reykjavíkurborgar í 1-2 ár sem ég hygg að sé betra heldur en við gerum við nokkurn reykvískan listamann og þannig að maður sér enn sem fyrr að það þá eru það gæluverkefni meirihlutans sem eru í forgangi, en þegar kemur að Reykvíkum sjálfum og kemur að þeirri þjónustu borgarinnar sem er hennar kjarnaþjónusta, þá heyrast þau svör frá borgarfulltrúum meirihlutans að það séu ekki til peningar. Þessu skýtur auðvitað mjög skökku við.

En þessi umræða í fjölmiðlum og skörugleg framgangur fréttastofu Ríkisútvarpsins, hún varð þó til þess að það barst tilkynning frá borginni og fregnir um það að borgin myndi skoða hvort unnt væri að taka börn fædd 2010 í áföngum inn í leikskólana. Og á fyrrihluta ársins 2012 yrðu þannig börn tekin inn sem fædd væru snemma árið 2010 og önnur börn að loknum sumarleyfum þegar elstu leikskólabörnin fara í grunnskólann. Ég í rauninni fagna því en ég geri hinsvegar aftur athugasemd við stjórnarsýsluna í málinu. Formaður skóla- og frístundaráðs, honum finnst að því er virðist í lagi að slíkar ákvarðanir að þær einhvern veginn taki sig sjálfar og það séu sendar út um það fréttatilkynningar, en auðvitað væri náttúrulegra miklu eðlilegra að þessi mál væru frá grunni og frá upphafi rædd í áður menntaráði en núna skóla- og frístundaráði og það væri farið yfir þetta mál í heild sinni auðvitað hvaða fjármunir séu fyrir hendi, hvernig hægt sé að taka börn inn, hvort að hægt sé að leita ódýrari leiða og með hvaða hætti inntaka barna sem fædd eru 2010 og síðan 2011 verður. Þessi umræða verður auðvitað að eiga sér stað í skóla- og frístundaráði og allt annað er slæm stjórnarsýsla og ég skil vel að borgarfulltrúar séu reiðir eins og við heyrum hér úr baksölum. En það verður að gera þá kröfu að þessi mál séu uppi á borðinu í skóla- og frístundaráði og leidd til lykta þar. Þó mér heyrir vissulega frá formanni skóla- og

Bstj. 15. nóvember 2011

frístundaráðs að hún sé að bræða með sér einhverja lausn sem við hljótum að geta fallist á.

Nú, einnig vil ég gera athugasemd við það í rauninni hvernig málið var höndlað af hendi borgarinnar. Það verður ekki annað sagt en að það hafi afar klaufalega verið gert frá þeim sem svöruðu fyrir borgina og maður sá það bara að fjölmiðlar voru undrandi á því hvernig formaður skóla- og frístundaráðs svaraði fyrir þetta. Það var svarað fyrir þetta í einhverju reiðuleysi, ekki tókst að fá borgarstjóra strax til að tjá sig um málið, þó hefði mönnum mátt vera ljóst að málið var af þeirri stærðargráðu að hæfur borgarstjóri í Reykjavík hefði náttúrulega strax gripið inn í þetta mál og komið fram með sannfærandi hætti fyrir hönd borgarinnar og svarað fyrir málið. Mér var hinsvegar tjáð að borgarstjóri, æðsti embættismaður borgarinnar og sá borgarfulltrúi sem hefur mest atkvæðamagn á bakvið sig, hann hefði verið á einhverjum furðulegum flótta undan fjölmiðlum, ekki viljað tjá sig, bent á embættismenn eða aðra borgarfulltrúa. Honum hefði verið veittur frestur til þess að tjá sig um málið og hvort að hann vildi tjá sig um það daginn eftir, það hafði ekki heldur verið hægt sem er auðvitað alvarlegt mál útaf fyrir sig.

Síðan liðu margir dagar þangað til loks að það tókst einhvern veginn að særa borgarstjórnann í Reykjavík í viðtal út af þessum mikilvæga málaflokki og ég held að hver verði bara að dæma það viðtal fyrir sig sem þá kom í sjónvarpinu. En ég verð að segja það að það viðtal var hvorki fugl né fiskur og var ekki til þess að auka traust borgarbúa á því að þessum málaflokki væri traustlega stýrt af núverandi meirihluta borgarstjórnar. Og ég hef fengið, eins og örugglega aðrir borgarfulltrúar, maður hefur fengið tölvupóst og athugasemdir út af þessu viðtali sem borgarstjórinn fór í og út af því bara hvernig borgin hefur svarað fyrir þetta mál í heild sinni og það auðvitað vekur upp spurningar bara hvernig stjórnunin sé í þessum stóra málaflokki. Það er búið að búa hér til gífurlega stóran málaflokk sem í næstu fjárhagsáætlun á að velta rúmlega 30 milljörðum króna. Og maður veltir því fyrir sér bara hvort að þetta fólk sem er hér í meirihlutanum og er í skóla- og frístundaráði fyrir hönd meirihlutans, og svo auðvitað borgarstjórinn sjálfur, bara hvort þetta fólk ráði við þetta verkefni, ég efast um það sjálfur, því það virðist ekki hafa nokkra yfirsýn yfir þennan stóra málaflokk – ekki nokkra yfirsýn og svarar með mjög ótraustum og ótrúverðugum hætti þegar fjölmiðlar og

Bstj. 15. nóvember 2011

almenningur í borginni kemur og beinir sjálfsögðum og eðlilegum spurningum til þeirra.

En það var ekki bara almenningur í borginni sem hneykslaðist og fjölmiðlamenn, eins og glögglega mátti sjá þegar fjallað var málið, heldur tók umboðsmaður Alþingis þá ákvörðun, tók það upp hjá sér, að kanna málið og það er að sjálfsögðu mál sem auðvitað borgarfulltrúar þurfa að vita af og ræða, þegar slíkt mál er í skoðun hjá umboðsmanni Alþingis og hann tekur það upp hjá sjálfum sér. Hann ritaði Reykjavíkurborg bréf 8. nóvember sl. og óskaði eftir upplýsingum um ákveðin atriði sem snúa að afhendingu upplýsinga um fjölda lausra leikskólarýma í borginni. Þarna er hann að fjalla um það mál þegar fjölmiðlar óskuðu eftir upplýsingum frá borginni, fengu ekki, fengu ekki, fóru út í svona tiltölulega einfalda rannsóknarblaðamennsku til þess að fá þessar upplýsingar með öðrum hætti, með því að beina fyrirspurnum sínum til leikskóla í borginni sem á hátíðastundum er gumað af að eigi að vera sjálfstæðir.

Nú og síðan bárust fregnir af því að það hefði komið fyrirskipun um að þeir mættu ekki tjá sig við fjölmiðla beint heldur yrði að svara því miðlægt úr Ráðhúsinu og það má auðvitað diskútera það hvaða bragur sé bestur á þessu. En umboðsmanni Alþingis fannst að minnsta kosti ástæða til að athuga málið og hann hefur nú spurt borgina hvort að leikskólastjórum í Reykjavík hafi verið gefin bein fyrir mæli um að veita fréttastofu útvarps ekki upplýsingar um fjölda lausra plássna í leikskólum borgarinnar og spyr hver hafi veitt fyrir mælin og á hvaða grundvelli. Nú, í öðru lagi óskar umboðsmaðurinn eftir því að fá send afrit af öllum samskiptum borgarinnar við leikskólastjóra sem vörðuðu fyrirspurn Ríkisútvarpsins. Í þriðja lagi óskar umboðsmaðurinn eftir upplýsingum um það á hvaða lagagrundvelli synjun Reykjavíkurborgar á beiðni fréttastofu útvarps um upplýsingar um fjölda lausra plássna, á hvaða lagagrundvelli það byggist.

Og þessum upplýsingum óskar umboðsmaður eftir til þess að hann geti metið hvort hann eigi að taka málið til athagnar að eigin frumkvæði og eitt af því sem hann á að fylgjast með, umboðsmaðurinn, er að hann fylgist með starfsemi stjórnvalda, hvort lagðar séu hömlur á tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna eða möguleika forstöðumanna á að veita þeim sem þess óska upplýsingar um

Bstj. 15. nóvember 2011

starfsemi sína með tilheyrandi takmörkunum á möguleikum almennings til upplýstrar umræðu. Þetta er hann sem sagt að skoða núna.

Nú, það hefur ekki farið framhjá borgarbúum að hvert klúðrið hefur rekið annað í skólamálum á þessu kjörtímabili, leikskólarnir hafa ekki verið þar undanskildir. Með sameiningu leikskóla var hart gengið fram gagnvart stjórnendum lítilla leikskóla sem hafa margir áratuga starfsreynslu að baki hjá borginni og eins og menn vita að þá er þetta ekki fólkið á háu laununum, það var gengið hart fram gagnvart þessu fólki og þetta olli mikilli ólgu í borginni, ekki síður en sameining grunnskóla eða fyrirætlanir um þær, og nú kemur í ljós svona seinni hluta ársins að ástæðan fyrir öllu þessu brambolti og vanhugsuðu aðgerðum meirihlutans sem er auðvitað hagræðing, ástæðan, að hún er ekkert að nást fram. Ég reyndar hef nú heyrt svo margar tölur um það hvaða hagræðingu væri stefnt að í upphæðum og ég ætla ekkert að hafa þær eftir hér, það voru mjög ónákvæmar og misvísandi upplýsingar.

En það er að minnsta kosti alveg hægt að fullyrða það að sú hagræðing sem þessi meirihluti lagði upp með og notaði sem réttlætingu fyrir því að efna hér til ófriðar um skólamál í borginni, hún hefur ekki náðst fram, hún hefur ekki gengið eftir. Og við verðum bara að höfða til meirihlutans með það að hann verður að sýna meiri vandvirkni og sýna meiri ástundun þegar kemur að því að fjalla um skólamál í borginni og stýra þeim. Þetta er stór og viðkvæmur málaflokkur sem varðar tugþúsundir borgarbúa. Það hefur verið mjög illa staðið að mörgu í þessum málaflokki á þessu kjörtímabili, þetta klúður hér um daginn varðandi lausu leikskólarými og samskipti við fjölmiðla og borgarbúa það er ekkert einsdæmi og það verður að koma hér úr borgarstjórn ákall um það að menn vandi betur til verka og tali við fólkið, það hefur ekki verið mikill vilji til þess.

Nú, á síðasta menntaráðsfundi þá lögðum við fulltrúar minnihlutans fram fyrirspurnir um það hvernig væri með þessi rými á leikskólum, hvernig væri með þessi leikskólamál og verður væntanlega rætt á fundi á morgun. Við lögðum líka fram tillögu um það að það yrði gert meira af því að tala við fólkið í borginni, það yrði efnt til opins fundar í borginni þannig að foreldrar gætu beint og milliliðalaust komið á slíkan fund og rætt um þessi mál sem varða leikskólana, einnig rætt mál sem varða grunnskólana og komist þar með í beint samband við

Bstj. 15. nóvember 2011

Það fólk sem á að stýra þessu. Þetta er svona tillaga sem ég hefði haldið að allir fögnuðu og yrði bara samþykkt strax, en henni var frestað og það er auðvitað bara að koma enn og aftur í ljós að þessi meirihluti, það er ekki hans stjórnunarstíll að ráðfæra sig mikið við fólkið í borginni, það hefur ekki verið þannig fram að þessu. Vonandi verður nú bragabót á, vonandi taka menn sig saman í andlitinu og fara að stýra þessum málaflokki af meiri alvöru en þeir hafa gert núna frá því að þessi meirihluti tók við og vonandi gera menn þá meira af því, samkvæmt tillögu okkar minnihlutans, gera meira af því að fara út í borgina og tala við fólkið, hlusta á þá óánægju sem vissulega er fyrir hendi og reyna síðan að taka mið af þessum röddum til að koma þessu málum í betri farveg en þau eru nú í.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir.

Bstj. 15. nóvember 2011

#### **4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Oddný Sturludóttir:** Forseti, ágætir borgarfulltrúar. Það er gott að hafa tækifæri til að fara yfir málefni leikskólanna og þá aðallega innritun og inntöku yngstu barnanna og ég fagna því mjög. Og ég ætla líka að verða við áskorun borgarfulltrúa Kjartans Magnússonar um það að við ræðum þetta að sjálfsgöðu í ráðinu á morgun. Við höfum sagt það, við höfum sagt það í fjölmiðlum, ekki bara ég sem hér stend, formaður ráðsins, heldur líka Eva Einarsdóttir borgarfulltrúi sem og Óttarr Proppé sem og hæstvirtur borgarstjóri, að þessi mál væru í skoðun. Það hefur auðvitað mjög margt breyst í umhverfi leikskólanna og sérstaklega þegar að kemur að rýmum, mönnun og stöðugleika og ekki síst þessari miklu áskorun sem stórir árgangar, raunar þeir stærstu í Íslandssögunni, tveir eru að koma inn í leikskólana okkar á mjög stuttum tíma.

Allt er þetta gott og þarft mál að ræða. Ég verð þó að viðurkenna að borgarfulltrúinn lenti hér í ákveðinni mótsögn með sjálfan sig þegar að hann talaði um að þessi mál væru í ólestri og að við værum ekki að fjölga leikskólaplássum í rauninni hraðar eða fjölga börnum í leikskólunum hraðar en raun ber vitni og hafa ber þá í huga að börnum í leikskólakerfinu okkar hefur fjölgað um 600 og á næsta ári mun þeim hafa fjölgað um 600 á þremur árum og ég held að það sjái það allir að grettistaki hefur verið lyft til þess að ná því. En í sömu andrá fjallar hann um þær áherslur sem borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins viðhöfðu hér þegar við samþykktum fjárhagsáætlun fyrir ári síðan, sem voru aldeilis ekki í takt við þær áherslur sem að urðu svo ofaná foreldrum í borginni til heilla heldur þvert á móti var þar varað við því að við færum í það átak að tryggja leikskólapláss fyrir þennan stóra árgang fæddan 2009.

Og svo ég grípi nú hér niður í bókanir við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar fyrir ári síðan þá segir, með leyfi forseta:

Að lokum telja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins það vera ranga nálgun nú þegar fjölgun yngstu barna er gríðarlega mikil að afnema þjónustutryggingu sem þann kost í að styðja foreldra í að finna sér sjálf úrræði fyrir yngstu börnin.

Ég held áfram:

Bstj. 15. nóvember 2011

Að auki telja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins að umræðu skorti áþreifanlega, bæði í menntaráði og foreldra og kennara um ólíkar og ódýrari lausnir við að leysa aukna kröfu um miklu meiri þörf á þjónustu við yngstu börnin. Fyrir liggur að tryggja á börnum dýrasta úrræðið, leikskólavist, sem hefur bein áhrif á kröfu um niðurskurð annarra þátta og á skólasviðinu.

Rétt. Þessi meirihluti Besta flokks og Samfylkingarinnar forgangsraðaði svo sannarlega í leikskólapláss og felldi niður heimgreiðslur sem ég verð að viðurkenna að hefur ekki valdið mikilli andstöðu í borgarsamfélaginu og ekki mikilli andstöðu foreldra. Þær höfðu auðvitað lækkað mjög mikið, voru orðnar 20 þ.kr., og ég held að ég geti fullyrt það að hér væru pallarnir fullir af foreldrum barna fæddum 2009 sem nú eru öll komin inn í leikskólana okkar ef að við hefðum gripið til þess ráðs ... ja, ef að borgarbúar sætu hér uppi með meirihluta sem skipaður væri sjálfstæðismönnum þar sem ódýrari og ólíkari lausnir væru viðhafðar, til að mynda að borga foreldrum 20 þ.kr. heim í stað þess að tryggja leikskólapláss.

En þetta er bara munur, þetta er bara pólitískur munur á þeim flokkum sem núna eru í meirihluta og ég efast nú reyndar ekki um að Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefði staðið með okkur í þessu enda hef ég bara skynjað mikinn stuðning frá þeirra væng við það markmið okkar að tryggja börnum sem verða tveggja ára á árinu leikskólapláss enda er það krafa foreldra. Foreldrar kalla ekki eftir ódýrum og ólíkum lausnum í stað leikskólapláss. Foreldrar kalla ekki eftir því að sitja uppi með það að fá 20 þ.kr. greiddar á mánuði í stað þess að fá inni á okkar frábæru og dásamlegu leikskólum. Í umræðum í borgarstjórn við samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir ári síðan ætla ég að grípa hér niður í orð eins borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem hafði nú ekki meiri trú á þessu markmiði okkar að við gætum tryggt 2009 árganginum öllum leikskólapláss, með leyfi forseta: „Það er vonandi að borgin geti mætt öllum börnum sem þurfa á leikskólapláss að halda haustið 2011, en fullyrða má að þessar ákvarðanir að þetta sé trygging á leikskólapláss sé bæði dýrasta leiðin sem hægt er að fara til að þjónusta þessi börn og jafnframt sú erfiðasta.“

Og ég er reyndar ekki með fleiri kafla úr ræðum borgarfulltrúa hér fyrir ári síðan, en ég minnst þess að einn borgarfulltrúi sjálfstæðismanna taldi það hreinlega glapræði að trúa því að við gætum til dæmis skapað það húsnæðisrými sem við

Bstj. 15. nóvember 2011

þyrftum fyrir þennan stóra árgang 2009, sem við höfum nú þegar gert og gott betur. Og það var einnig dregið mjög í efa af hálfu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins hér í umræðu um fjárhagsáætlun fyrir ári síðan að okkur tækist að fjölga dagforeldrum svo nokkru næmi og allt þetta afsannaðist á þessu ári. Þannig að ég vildi hafa sagt þetta af því að hér var talað um ólíkar og ódýrar lausnir sem ég held að sé raunar engin eftirspurn eftir.

En ég ætla að fara hér yfir nokkrar staðreyndir um leikskólapláss, um leikskólakerfið okkar, um sögu innritunar og allt það sem ber að hafa í huga í þessari umræðu sem hefur verið nokkuð misvísandi. Hún hefur verið nokkuð villandi. Hún hefur gert foreldra í borginni mjög órólega af því að það mátti skilja að hér væri um mjög róttækar breytingar á inntöku barna í leikskóla að ræða, svo er ekki.

Ég ætla aðeins að víkja hér að reglum borgarinnar að leikskólaþjónustu sem breyttust, og enn kemur Sjálfstæðisflokkurinn við sögu hér í minni ræðu, sem breyttust þegar Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fráfarandi formaður leikskólaráðs, var formaður í því ráði og það var margoft rætt í gamla leikskólaráðinu hvernig reglur borgarinnar um inntöku leikskólabarna ætti að líta út. Lengi vel var miðað við það að 18 mánaða börn ættu að geta hafið dvöl á leikskóla. Þetta gerði marga foreldra ráðvillta og fólki leikskólanna, leikskólastjórum og fólki á leikskólasviði erfitt fyrir, vegna þess að börn verða 18 mánaða á öllum mögulegum tímum ársins og það er ekki endilega svo að það sé pláss akkúrat laust, og ég tala nú ekki um í þeim óskaleikskóla sem þú kýst sem foreldri og í því hverfi sem þú býrð í, vegna þess að langstærsti hluti leikskólabarnanna fer auðvitað úr leikskólanum að hausti þegar þau hefja nám í grunnskóla, stundum fyrir sumarfrí en langflestir þegar sumarfríð hefst og svo þarna áður en að grunnskólinn sjálfur byrjar. Þannig að barn sem verður 18 mánaða til dæmis um áramót og á ekki og átti ekki endilega á vísan að róa.

Þannig að þetta var mjög villandi og olli mjög mikilli togstreitu. Þá voru tekin upp einhverskonar viðmið að öll börn sem voru orðin 18 mánaða 1. september það haust sem flest börnin fóru inn sem voru árinu á undan, ég veit að þetta er orðið ansi tæknilegt, en þetta var svona tilraun borgarinnar þá til þess að mæta þessu markmiði og skýra það aðeins betur út. Þetta markmið náðist aldrei alveg, ekki í

Bstj. 15. nóvember 2011

öllum hverfum en í sumum hverfum betur en annarsstaðar. Þannig að það átti til að gerast að mikið ójafnræði á milli hverfa varð staðreyndin. Þannig að börn í hverfum þar sem leikskólabörnum hafði fækkað komust inn mun yngri en börn í öðrum hverfum þar sem að barnafjöldinn var mikill. Við vitum að hverfi borgarinnar yngjast og eldast á víxl. Þetta var talið ekki bera vott um mikið jafnræði til borgarinnar og foreldrar kvörtuðu sáran að sjálfsögðu yfir því að börn í einu hverfinu væru að komast inn uppúr 1 árs en annarsstaðar þyrftu börn að bíða þangað til að þau væru kannski orðin 2,5 ára. Ég skil það vel, ég hef mjög mikla samúð með þeim röksemdum. Ég held að við ættum alltaf að miða kerfið okkar þannig að við gætum sem mestis jafnræðis og það gæti þýtt að við séum að flytja fjármagn frá hverfum þar sem er barnafækkun til hverfa þar sem er barnafjölgun til þess að jafnræðis sé gætt og að kennitöluforgangurinn sé hið ríkjandi afl sem ákveður inntöku barns á leikskóla.

En árið 2008 í formannstíð Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur var tekin mikil umræða um þetta og nýjar reglur um leikskólajónustu litu dagsins ljós og þá var sett inn að börn geti hafið leikskóladvöl á því ári sem þau verða tveggja ára. Ég sé að ég er alveg að brenna á tíma og er varla byrjuð en svona er þetta stundum. En ég vildi sagt hafa þetta til þess að útskýra þessa forsögu um það að ekki lengur er miðað við daginn sem börn verða 18 mánaða, hvorki 1. september eða á öðrum tíma og nú er miðað við að börn geti byrjað leikskólagöngu á árinu sem þau verða tveggja ára og þessu var breytt árið 2008.

Hvað eru önnur sveitarfélög að gera? Mig langar aðeins að fara yfir það. Nú stærstu sveitarfélögin kveða á um það í reglum sínum að börn á öðru aldursári fái leikskólaláss og séu nú stærstu sveitarfélögin skoðuð kemur í ljós að fimm þeirra eru ekki farin að taka inn börn fædd 2010 utan stöku forgangsbörn með greiningar. Eitt þeirra hefur tekið inn börn fædd í janúar 2010, þrjú hafa tekið inn börn sem fædd eru á fyrstu þremur til fjórum mánuðum ársins 2010. Við erum búin að taka inn 70 börn og svo liggur fyrir á allra næstu vikum hvenær elstu börnin fædd 2010 fá boð um leikskólaláss.

Ég var búin að víkja hér að þessari gríðarlegu fjölgun barna í leikskólakerfinu, þetta er 600 barna fjölgun á fjórum árum og mjög merkilegar tölur leiða í ljós, og ég ætla hér að finna þær, með leyfi forseta: að það er hærra hlutfall í þjónustu

Bstj. 15. nóvember 2011

borgarinnar alls í dagvistun, bæði barna á öðru ári sem barna sem eru rúmlega 1 árs inni í kerfinu okkar, það er að segja við erum að þjónusta fleiri börn í ár en fyrir ári síðan hlutfallslega og það þrátt fyrir að barnahópurinn sé stærri. Ég vil bara draga þetta hér fram til þess að sýna fram á að við erum sífellt að auka framlög til þessa málaflokks til þess að þjónusta fleiri börn. Ástæðan hér gæti mögulega verið sú að fleiri og fleiri foreldrar taka ekki fullt fæðingarorlof vegna skerðinga sem orðið hafa, það er auðvitað sorglegt, en það þýðir að fleiri börn og yngri börn þurfa á þjónustu okkar að halda og við erum að mæta því. Við erum að mæta því. Við höfum fjölgað dagforeldrum. Við eigum auðvitað hérna sjálfstætt rekna leikskóla og við erum búin að taka inn hluta af börnunum fædd 2010 sem hafa verið hjá okkur í forgangi.

Aðeins varðandi stöðuna í leikskólunum, hvernig hún er núna. Nú eigum við húsrými, það er rétt og við þurfum á því öllu að halda fyrir þennan stóra árgang sem er fæddur árið 2010 og er á leiðinni í leikskólana okkar. Mönnun er mjög góð og það er rétt og það er mikill stöðugleiki í starfsmannshaldi. Við eru líka með miklu sveigjanlegra leikskólakerfi en áður. Þessi 600 börn eru í rauninni ígildi 6 4-5 deilda leikskóla, ef við hefðum farið í að reisa nýtt húsnæði fyrir öll þessi börn, þá væri þetta 6 nýir 4-5 deilda leikskólar. En það höfum við ekki gert, við höfum nýtt rýmin okkar betur. Við höfum nýtt okkur sveigjanleikann í nýju lögunum frá 2008. Við höfum flutt til færanleg hús, mjög góð hús sem við áttum og voru í notkun í þeim hverfum þar sem nýir grunnskólar voru í byggingu.

Nú er aðeins látið í veðri vaka að hér sé ofmönnum í kerfinu. Ég held bara að við séum með mjög góða mönnun eins og staðan er í dag og við erum mjög vel tilbúin til þess að takast á við að taka á móti næsta árgangi barna inn í leikskólann okkar. En ég held að við séum ekki ofmönnuð. Ég held að allir borgarfulltrúar hér inni hafi fengið bréf frá formanni Félags leikskólakennara ekki alls fyrir löngu, fyrir nokkrum vikum, þar sem talað var um að hagræðingaraðgerðir og aðhaldsaðgerðir síðustu ára hafa meðal annars gert það að verkum að fagmenntaðir leikskólakennarar sem og aðrir starfsmenn leikskólanna eigi erfitt með að komast í sinn kjarasamningsbundna undirbúningstíma. Því finnst mér það skjóta ansi hreint skökku við að telja svo að hér sé um einhverja ofmönnum í kerfinu að ræða. Ég hef ekki heyrt leikskólastjóra halda því fram að þeir muni vilja fjölga börnum á hvern

Bstj. 15. nóvember 2011

starfsmann sem væri þá grundvallarbreyting á starfsemi leikskólanna og ég er auðvitað alltaf til í umræðu um það hvernig við getum stillt mönnun á leikskólunum og leikskólastarfið af hverju sinni svo hagkvæmast þyki, án þess að það gangi á fagstarfið. Ég er alltaf tilbúin í þá umræðu og bara fegin því ef hún kemur upp, en við myndum aldrei fara í það að fjölga hér börnum á starfsmann öðruvísi en að það myndi spretta upp frá leikskólastarfsfólkinu sjálfu og raunar er sú vinna í gangi, ákveðinn starfshópur um starfsumhverfi leikskóla, þar sem leikskólastjórar sitja meðal annars. Hann skilaði af sér ákveðnu álitum fyrir um ári síðan sem byggir á þessum nýju lögum um leikskóla frá 2008 sem gerir þennan sveigjanleika allan mögulegan og þar var farið yfir sameiningar, til að mynda hvaða prinsipp borgin þyrfti að hafa ef ætti að fara út í sameiningar.

Og þar var líka farið yfir rými, hvaða fermetrar ættu að gilda fyrir hvert barn og hvernig við skilgreindum rýmið, og eins fjölda barna á starfsmann. Og þessi vinna heldur áfram og við erum að sjálfsögðu alltaf að skoða leikskólakerfið okkar, en ofmönnum er ekki það sem við heyrum, hvorki úr skóla- og frístundaráði né frá formanni Félags leikskólakennara eins og kom svo glöggt fram í fréttum um daginn. En ég held að það sé ekkert óeðlilegt að leikskólastjórar skuli telja sig vera vel mannaða og telja sig vera vel í stakk búna til þess að taka við fleiri börnum inn í leikskólana.

Staðan í dag er svo ólík því sem var fyrir bara nokkrum árum að það er eiginlega ekki hægt að líkja henni saman. Fyrir – ja, þegar ég settist í leikskólaráð hér árið 2006 þá gátum við heldur ekki fyllt leikskólaplássin okkar og af hverju var það? Af því að fólk kom ekki til starfa hjá leikskólum borgarinnar. Um leið og það kom starfsfólk þá fóru börnin inn. Nú má kannski segja að hin hliðin á teningnum sé uppi, það er að segja að við erum með mjög vel mannaða leikskóla, góðærið kom ekki við í leikskólunum árin 2006, 2007 og 2008, allavega ekki í því þegar kemur að starfsmannahaldi og stöðugleika. Og auðvitað leið fagstarfið fyrir það á þeim tíma og það skal viðurkennt og það viðurkenna leikskólastjórar að það er hunderfitt að reka leikskóla án starfsfólks, það er líka hunderfitt að reka leikskóla þegar fjármagnið er af skornum skammti og það þarf að velta við hverri einustu krónu, en stöðugleiki í starfsmannahaldi fyrir þessi litlu börn og fyrir fagstarfið skiptir auðvitað öllu máli. Og þessi staða er gjörbreytt.

Bstj. 15. nóvember 2011

Mig langar líka aðeins að tala um hversu erfitt það hefur verið síðastliðin ár, og flókið, að áætla leikskólabörn í Reykjavík. Fyrir tveimur árum var vanáætlað, mikið. Núna er að koma í ljós að við erum búin að ofáætla leikskólabörnin og það hefur verið óvenju flókið og staðan á milli mánaða hefur gjörbreyst. Flutningar til og frá borginni eru tíðir og við höfum því miður, og kannski eðlilega og eigum ekki einu sinni að gera kröfur til þess, fengið upplýsingar um það með mjög skömmum fyrirvara að fólk ætli að flytja til borgarinnar, sem við auðvitað fögnum, en einnig að fólk skuli flytja frá borginni og segir þá upp leikskólaplássi með mjög skömmum fyrirvara. Þannig að það hefur í rauninni verið ævintýrlegt að fylgjast með því hversu erfiðlega okkur hefur gengið að áætla fjölda leikskólabarna. 2009 árgangurinn var stór, það vissum við, hann er kominn inn og því fögnum við, og innritun er í rauninni bara nýlokið hvað hann varðar. En aðrar spár varðandi flutning til og frá borginni hafa einfaldlega verið ansi langt frá því sem raunverulega var. Kannski er þetta hluti af ástandinu, efnahagsástandinu, að fólk er að taka sig upp og flytja út á land eða jafnvel til borgarinnar í nám eða til útlanda, svona getur þetta verið.

En eins og ég sagði er innritun 2009 barnanna nýlokið, við hefðum auðvitað viljað klára það strax í haust en það töfðust framkvæmdir við nokkra leikskóla þar sem við vorum að stækka verulega leikskólana okkar og okkur þykir það auðvitað miður en við reyndum eins og við gátum að koma því öllu heim og saman í tæka tíð.

Og ég verð að segja og taka þá undir með borgarfulltrúa Kjartani Magnússyni, sem var nú nokkuð neikvæður í sinni ræðu, en látum það nú vera, en hann viðurkenndi þó, og það hefur minnihlutinn í borgarstjórn gert og ég fagna því að sjálfsögðu því að maður á að þakka fyrir það sem vel er gert alltaf, að við lyftum ákveðnu grettistaki hér í sumar og í rauninni á öllu þessu ári þar sem leikskólayfirvöld, framkvæmda- og eignasvið og skipulags- og byggingarsvið tóku höndum saman og bættu í húsnaði fyrir þennan stóra hóp barna og þarna var farin svona ný leið, þar sem öll sviðin voru dregin saman að borðinu og sá hópur sem stóð fyrir þessari rýningu allri var nú ekki beinlínis óumdeildur, það var starfshópur um greiningu tækifæra sem sú sem hér stendur leiddi, en það meðal annars leiddi til þess að við sáum borgina frá einum og sama sjónarhólnum, það er

Bstj. 15. nóvember 2011

að segja frá framkvæmdahliðinni, skipulagshliðinni, leikskólahliðinni, grunnskólahliðinni og frístundahliðinni, og gerðum okkur það kleift að fjölga rýmum við leikskólana okkar sérstaklega í þeim hverfum þar sem mikil þörf var á og eins fórum við nýstárlegar leiðir í því að leigja út húsnæði, sem hafði verið í allsendis annarri notkun, til áhugasamra dagforeldra sem starfa nú tveir og tveir saman, gefur foreldrum aukið val um þjónustu dagforeldra og sú þjónusta hefur, svo frá sé sagt, slegið í gegn. Við fáum vonandi í skóla- og frístundaráði á morgun sem allra gleggsta mynd af því hvernig staðan er.

En eins og ég segi höfum við haldið því fram í fjölmiðlum oftar en einu sinni og oftar en tvisvar og oftar en þrisvar að þetta væri allt saman undir við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Við værum að skoða hvaða fjárhagslega svigrúm við hefðum til þess að bjóða börnum sem fædd eru á næsta ári leikskólapláss. Okkar hugur stendur sannarlega til þess, við viljum ekki lofa of miklu en vonandi þeim allra elstu. Og þessi tölfraði, hún hefur breyst mjög hratt á milli mánaða af ástæðum sem ég gat um áðan. Eins hefði verið óábyrgt af okkur, því þegar við erum að tala um fjármagn á þessu ári erum við bara að tala um fjármagnið fram að áramótum og það hefði auðvitað verið óábyrgt af okkur að sjá ekki fyrir endann á fjárhagsáætluninni því börn sem fara inn í leikskólana núna, þau væntanlega eru þar ennþá á næsta ári og því verður auðvitað að tryggja að við eigum nægilegt fjármagn fyrir þeim.

Aðeins varðandi samskipti upplýsingadeildar hér, fagstjóra leikskólamála og leikskólastjóranna, sem varð tilefni fyrirspurnar frá umboðsmanni Alþingis. Við munum að sjálfsögðu svara umboðsmanni, ég held að það svar sé bara að verða tilbúið og ég veit að margir hér inni hafa séð þennan alræmda tölvupóst sem fór frá fagstjóra leikskólamála til leikskólastjóranna, ég held að flestallir geti verið sammála um það að hann kannski gefi ekki beinlínis tilefni til þess að nota hið mjög svo dramatíska orð þöggun. Samskiptin eru hér, verða send umboðsmanni Alþingis eins fljótt og unnt er. En ástæða þessa var auðvitað þessi mikla og mjög misvísandi umræða sem auðvitað leikskólastjórar finna kannski miklu frekar fyrir heldur en við. Við þekkjum það sjálf að vera að bíða eftir leikskólapláss fyrir börnin okkar. Ég gerðist sjálf sek um það að hringja ábyggilega alltof oft í leikskólastjóran á Græ nuborg og spyrja: hvenær kemst hún inn? Og þetta er

Bstj. 15. nóvember 2011

mikið álag fyrir leikskólastjórana og ég tala nú ekki um þegar fara tölur á kreik um það að hér séu úti um alla borg laus pláss sem að ekkert standi í veginum fyrir því að innrita börnin í; að það sé bara einhver kergja í Ráðhúsinu að gera það, en þannig var það ekki.

Og því er það svo að við stóðum þarna í svona nokkra daga í samskiptum við fjölmiðla um það hvað er laust leikskólapláss. Hvað er það? Er það rými? Nei, það er ekki nóg. Mönnunin er 80% af því sem þarf að kosta til, eigi vel að vera hugsað um nýju leikskólabörnin, 8% af því er húsrýmið sjálft. Þannig að nei, það að það sé húsrými, fermetrar, borð og stóll og snagi er ekki nægjanlegt til þess að kalla það laust leikskólapláss og svo var fólk bara ekki alveg sammála um að þetta ætti að vera rétt túlkun, en þetta var túlkun okkar og þetta er túlkunin samkvæmt fjárhagsáætlun. Við værum þá algjörlega að breyta um kúrs ef við ætluðum að fara að taka inn börn og láta ekkert fjármagn fylgja með, þá væri það bara allt önnur stefna og ég er ekkert viss um að við viljum endilega fara þá stefnu alla leið, þótt við eigum ekki alltaf að vera að skoða samspil mönnunar og í takt við fjárhagsáætlun hverju sinni og það hvað eðlilegt er að gera á hverjum stað það er ekkert óeðlilegt við það.

Nema hvað, þessi misskilningur var kominn upp og leikskólastjórar fundu auðvitað fyrir honum því að foreldrar leita til þeirra og vilja fá skilgreininguna á hreint. Og leikskólastjórar vita hvernig fjármagni er útdelt á leikskólana. Svo kemur fyrirspurn til þeirra frá fréttmönnum um það hvað eru mörg laus pláss og þá vaknar þessi spurning: Bíddu, er verið að spyrja um rými eða er verið að spyrja um mönnunina eða fjármagnið? Og það voru leikskólastjórnir sjálfir sem höfðu samband við leikskólasvið og voru ekki alveg vissir um það hvernig ætti í rauninni að svara þessu, hvort það væri ekki betra að öllum upplýsingunum væri safnað saman á einn stað og þau færu svo samræmd út frá borginni. Og þetta gerum við auðvitað mjög oft hjá Reykjavíkurborg. Fagstjóri leikskólamála er sífellt að senda fyrirspurnir út til leikskólastjórana um að senda inn á einn stað allar mögulegar upplýsingar um allt mögulegt, meðal annars vegna þess að fjölmiðlar eru að spyrja, vegna þess að við í ráðinu erum að spyrja eða vegna þess að við erum í einhverskonar stefnumótun eða áætlanagerð varðandi allt mögulegt.

Bstj. 15. nóvember 2011

Þetta eru margar litlar einingar og ekkert nema eðlilegt að við séum að kalla eftir þessu. Þannig að þetta voru vinsamleg tilmæli séu þessi samskipti skoðuð um það og ekki síst vegna þess að leikskólastjórar sjálfir voru ekki alveg vissir um það hvora skilgreininguna kannski var verið að biðja um, hvort þetta ætti ekki bara að vera samræmt af borgarinnar hálfu og ég held að allir sem þekkja til inni á skóla- og frístundasviði og inni á leikskólaskrifstofu viti að þar fer ekki fram ein einasta tilraun til þöggunar og raunar held ég að ég megi fullyrða að hreinskiptnari samskipti og hreinskilnari og hispurslausari eigi sér varla stað í ríkara mæli hjá borginni en inni hjá leikskólum Reykjavíkurborgar. Þar liggur fólk ekkert á skoðunum sínum, hvorki fagfólkið inni á sviði eða leikskólastjórnir og fagfólkið úti á feltinu, eins og sagt er.

Ég held að ég hafi þetta ekki lengra í bili. En eins og ég segi þá verður farið enn betur yfir þessi mál í ráðinu á morgun og jú, einmitt af því að borgarfulltrúi Kjartan Magnússon vék að því að það hefði verið eðlilegt að ræða þessi mál, sérstaklega í ráðinu, þá er það hans skoðun, borgarfulltrúans, og ég tek auðvitað undir það. Við höfum þó kannski ekki rætt um neitt jafnmikið eins og akkúrat þessa stóru áfanga leikskólabarna sem eru að koma inn í kerfið, það var undirliggjandi á nær hverjum einasta fundi við undirbúning fjárhagsáætlunar í fyrra og við undirbúning fjárhagsáætlunar núna á vinnufundum, sem ég veit reyndar að borgarfulltrúinn sat ekki alla, en það er varla það verkefni inni hjá leikskólum Reykjavíkur og hjá okkur í pólitíkinni sem hefur tekið meiri orku og við höfum sett meiri metnað í en akkúrat inntaka og innritun og örugg leikskólavist fyrir þessa stóru árganga sem eru að koma inn til okkar, um það bera allar tölur vitni.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir.

#### **4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Marta Guðjónsdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ákvörðun meirihlutans um að börn fædd 2010 fái ekki pláss í leikskóla í ár þrátt fyrir að laus pláss séu til staðar og á sama tíma og 900 börn eru á virkum biðlista ber vott um mikið metnaðarleysi og ranga forgangsröðun borgaryfirvalda. Þessi ákvörðun er ámælisverð í ljósi þess að mikil leynd virðist hafa hvílt yfir henni þar sem hún hefur hvorki verið rædd í skóla- og frístundaráði né á öðrum vettvangi borgarinnar þar sem slíkar ákvarðanir ber að ræða. Því er eðlilegt að spyrja sig hvort meirihlutinn sé að boða nýja stjórnunarhætti þar sem reynt verður að koma í veg fyrir að fjölskipað stjórnvald borgarinnar fjalli um mikilvæg mál sem þessi. Viljinn til að halda leynd yfir þessu máli endurspeglast vel í þeim fyrirmælum sem leikskólastjórar fengu um að svara ekki spurningum fréttastofu Ríkisútvarpsins um málið.

Á síðasta fundi skóla- og frístundaráðs lögðum við fulltrúar Sjálfstæðisflokks fram tillögu um að haldinn yrði opinn fundur í ráðinu sem fyrst til að gefa foreldrum kost á að ræða stöðuna í leikskólum og grunnskólum borgarinnar. Það er skemmst frá því að segja að þeirri tillögu okkar var frestað og kemur það sennilega fáum á óvart enda í stíl við almennt áhugaleysi meirihlutans á samráði við foreldra. Samkvæmt þessu er ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en að meirihlutinn telji að hvorki foreldrum né kjörnum fulltrúum komi þessi mál við. En það dapurlegasta í öllu þessu máli er að meirihlutinn er að íþyngja barnafjölskyldum og valda þeim vandræðum með að nýta ekki þau pláss sem laus eru nú þegar. Ef meirihlutinn hefði haft einhvern áhuga á að koma til móts við barnafjölskyldur á þessum erfiðu tímum hefði hann leitað allra leiða til að stytta biðlistann eftir leikskólaplássum og bjóða upp á fjölbreyttari úrræði.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir óskað eftir því að veita andsvar.

#### **4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Oddný Sturludóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Þetta var merkilegur lestur og eiginlega á þann veg að það mætti halda að borgarfulltrúinn Marta Guðjónsdóttir hafi ekki hlýtt á mál mitt hér áðan þar sem ég fór ágætlega yfir þetta. En gott og vel, 900 börn á virkum biðlista, þetta hljómar ekki vel en ég held að við hljótum að geta gert þá kröfu til kjörinna fulltrúa í skóla- og frístundaráði og hér í Borgarstjórn Reykjavíkur að þeir veifi ekki þessum tölum eins og það ætti að vera eðlilegt að 900 börn fædd 2010 ættu núna rétt á leikskólaplássi. Það væri stórkostleg og róttæk breyting frá reglum um leikskólaþjónustu sem voru samþykktar af hálfu formanns leikskólaráðs á sínum tíma, sem er borgarfulltrúi úr röðum sjálfstæðismanna, þar sem raunar er horfið frá 18 mánaða takmarkinu sem ég held þó að hafi ríkt ákveðinn skilningur á af öllum, af pólitíkinni á þeim tíma sökum þess hversu villandi það gat stundum verið og hversu erfitt var stundum að ná því markmiði, þá var það markmið fært upp í tveggja ára aldur.

Samkvæmt reglum borgarinnar um leikskólaþjónustu, þá getur foreldri skráð barnið sitt á leikskóla á biðlista þegar barnið er eins dags gamalt, en það fer svo á svokallaða virka bið þegar að barnið hefur náð 1 árs aldri, en það hefur auðvitað í afar fáum tilvikum ... Jú, þegar um forgangsbörn er að ræða og jú, í einstaka hverfum þar sem aðstæður hafa verið sérstaklega heppilegar, hafa börn komist inn svo ung. Og þetta er auðvitað málflutningur sem hlýtur að dæma sig sjálfur sérstaklega í ljósi þess, ja, ef það er þá markmið Mörtu Guðjónsdóttur borgarfulltrúa að þessi 900 börn, sem eru þá orðin eins árs og sum hver kannski rétt rúmlega eins árs, að þau séu að koma inn á leikskólana okkar núna í ljósi breyttra reglna um leikskólaþjónustu og í ljósi áherslna sem birtust hér fyrir ári síðan, að hverfa frá þessum dýru lausnum sem leikskólalássi væru og fara frekar í ódýrar og ólíkar lausnir eins og heimgreiðslur til foreldra.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir.

**4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Marta Guðjónsdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég held að borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir og formaður skóla- og frístundaráðs hafi ekki alveg skilið ræðu mína rétt af því að dæma hvernig hún kemur hér upp í andsvari. Það sem var megininntak minnar ræðu er metnaðarleysi og í rauninni getuleysi meirihlutans til að koma í veg fyrir það að börn fái ekki hér pláss í borginni. Við eigum að kappkosta að forgangsraða í þágu barna á þessum erfiðu tímum. Og með tillögum sínum er meirihlutinn að íþyngja fjölskyldum á þessum erfiðu tímum. Og hér eru gjaldskrárhækkanir framundan og hér hafa verið gjaldskrárhækkanir á þessu ári sem hafa íþyngt fjölskyldum og þetta er enn ein viðbótin til þess að gera barnafjölskyldum í borginni erfitt fyrir. Það sem ég er að tala um núna er að við eigum að forgangsraða í þágu barnanna, við eigum að reyna að stytta þessa biðlista, við eigum að nota tekjuafganginn sem var meiri en áætlaður var til þess að forgangsraða í þágu barna. Við eigum ekki að nota hann til þess að fella aspir og helluleggja við Ráðhúsið eða þaðan af fáránlegri framkvæmdir.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir lokið við að svara andsvari. Þá veitir borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir andsvar öðru sinni.

#### **4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Oddný Sturludóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég biðst forláts á því ef ég hef misskilið orð borgarfulltrúans hér áðan, en hér er talað um metnaðarleysi og því er ég ekki sammála og hlýt því að velta fyrir mér hvort þau sjónarmið Sjálfstæðisflokksins sem birtust hér við afgreiðslu síðustu fjárhagsáætlunar að leikskólalássin væru dýr og að það væri næstum því óðsmannsæði að fara í að útvega leikskólaláss hér fyrir 2009 árganginn og telja sig geta fjölgað dagforeldrum að sama skapi. Ég hlýt þá að líta svo á að það sé uppi ágreiningur í borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna um það að heimgreiðslur séu lausnin og einhver hluti telji að leikskólaláss, sem er sú þjónusta sem foreldrar kalla hvað mest á, sé það sem við eigum að forgangsraða í.

Ég hlýt að líta svo á að það sé ágreiningur uppi um þessi mál og það er þá bara komið í ljós. Og hér er talað um afganginn sem við eigum að nota til þess að forgangsraða í börn og barnafjölskyldur, hann er 19 milljónir eins og hefur komið fram af rekstri a-hluta og ég held að ef fjárhagsáætlunin er skoðuð og sá gríðarlega mikli viðsnúningur sem hefur orðið á rekstri borgarinnar og sú viðbót sem kemur inn í þessa mikilvægu málaflokka skóla- og frístundasviðs, ég tala nú bara um kjarasamningana, innri leigu og svo erum við auðvitað að gera gott betur á mörgum sviðum sem við gleðjumst yfir. Ég held að þetta geti ekki talist vera metnaðarleysi.

**Forseti:** Þá hefur Oddný Sturludóttir lokið við að veita andsvar öðru sinni. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

#### **4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég tók nú smá snúning á leikskólamáli í ræðu minni áðan og ætla svo sem ekki að fara neitt sérstaklega yfir svona efnislega stöðu málaflokksins hér, en mér finnst þó full ástæða til þess að leita svara. Það var ágæt ræða frá borgarfulltrúa meirihlutans, Oddnýju Sturludóttur, hér áðan um söguna og var þó ýmislegt sem vantaði. Ég myndi vilja fá frekari svör. Fyrir það fyrsta þá er söguskýring ágæt en ég hefði viljað heyra meira um framtíðarsýnina. Ég myndi vilja vita hver stefna meirihlutans er varðandi leikskólavistun og finnst þá skrytinn sú söguskýring að foreldrar hafi verið óánægðir með 18 mánaða viðmiðið á sínum tíma. Það má vel vera að það hafi valdið einhverjum ruglingi, það hefði vel verið hægt að segja þá bara; þau sem verða 18 mánaða á árinu, rétt eins og hægt er að segja þau sem verða tveggja ára á árinu.

Þetta eru bara hlutir sem er alveg hægt að skýra upp og það er til staðar núna mikið ójafnræði á milli þeirra sem eru fæddir í janúar og þeirra sem eru fæddir í desember og við vitum það öll að einhvers staðar verður að draga línuna, en mikilvægast er þó að hafa línu og hafa markmið um að þessi lína færist kannski aðeins til. Vegna þess að við Vinstri græn vorum í samstarfi við Samfylkinguna á sínum tíma þegar núverandi leikskólakerfi var komið upp, leyfi ég mér að segja, og ég er stolt af því en mér finnst mikilvægt að það verði haldið áfram að þróa þetta kerfi og að stytta bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla. Þess vegna finnst mér mjög skrytið að í haust hafi staðið á annað hundrað pláss laus. Ég hef heyrt frá leikskólastjórum, og ég ætla ekki að hafa það eftir hér, en ég fullyrði það að leikskólastjórar einhvers staðar í borginni geta bætt við fleiri börnum án þess að þurfa að ráða inn fleira starfsfólk og án þess að það komi niður á undirbúningstíma starfsfólks.

Mér finnst mjög mikilvægt að þessu sé svarað með skýrum hætti. Mér skilst að fjölmiðlar hafi ekki ennþá fengið nákvæm svör. Mér finnst mjög mikilvægt að það verði gert, alveg sama hvort það er gert af hálfu miðlægs upplýsingafulltrúa eða leikskólastarfsfólksins sjálfs, en svörin þurfa að liggja fyrir og svörin hefðu átt að liggja fyrir fyrir löngu síðan, bæði hversu mörg pláss eru ónýtt núna vegna húsnaðis og sem er til nóg húsnaði fyrir og svo hinsvegar hversu mörg af þessum

Bstj. 15. nóvember 2011

plássum eru þegar mönnuð. Ég vil líka fá að vita hvort að það hafi einhvern tímann gerst í þessari stuttu sögu, sem ég vil meina að hefjist árið 1994 eða upp úr því, ég vil vita hvort það hafi einhvern tímann gerst að það hafi verið ónýtt pláss að hausti og svo mánuðum skipti. Ég held að þetta sé einsdæmi og ég tel það ekki vera heillaskref ef þetta eru nýmæli, sem ég held að séu, þið leiðréttið mig ef það er rangt. Nú, ég held að þetta haust, hvort sem þetta hefur verið gert áður eða ekki, hvort sem það hefði þurft að ráða inn starfsfólk eða ekki, þá er ég samt algjörlega á því að þetta haust hafi skapast tækifæri sem ekki var nýtt.

Ég stend algjörlega með meirihlutanum í því að taka móti öllum börnum sem voru fædd árið 2009 í ár og öllum börnum sem eru fædd árið 2010 á næsta ári, en ef við höfum í alvörunni tækifæri til þess að fjölga börnunum og taka inn yngri að þá eigum við að grípa það tækifæri. Og ég tel að meirihlutinn hefði átt að gera það strax í haust. Það hefði auðvitað þurft að endurskoða fjárhagsáætlun og mögulega reyna að skera eitthvað annað niður. Ég held nú reyndar ekki vegna þess að útsvarstekjur eru mun meiri heldur en gert hafði verið ráð fyrir og ég held að það sé svigrúm innan ársins til þess að gera þetta og við hefðum bara átt að allavega að reikna það út og leggja það til.

Nú, ég bara vissi ekki af þessu og ásamt mjög mörgum öðrum og sem kjörinn fulltrúi finnst mér leiðinlegt að viðurkenna að ég vissi ekki að það hefði einhvern tímann verið tekin ákvörðun um það að taka ekki inn börn sem fædd eru 2010 nema þau sem njóta forgangs af einhverjum ástæðum. Og mér finnst það mjög skrýtið. Ég hélt að það væri þannig að ef það eru auð pláss í leikskólanum þá væri börnum boðin vistun þar, jafnvel þó þau hefðu ekki náð tveggja ára aldri eða yrðu ekki tveggja ára á árinu. Þannig að það er algjörlega nýtt fyrir mér að þessi ákvörðun skuli hafa verið tekin, ég veit ekki hvar hún var tekin, ég veit ekki hvort hún var tekin, en einhvers staðar frá hafa fyrirmælin komið um það að taka ekki inn börn sem eru fædd árið 2010 og ég vil vita hvort að slík fyrirmæli hafi verið gefin út einhvern tímann áður og það er hluti af þeim söguskýringum sem ég hef ekki fengið og myndi gjarnan vilja. Ég sé að formaður skóla- og frístundaráðs skrifar hér niður allar mínar spurningar og ég bíð spennt eftir svörum.

Nú, þetta er ekki það eina. Ég verð að segja að eins mikið og ég er sammála meirihlutanum um það að það áttu öll börn 2009 að komast inn í ár og öll börn

Bstj. 15. nóvember 2011

2010 að komast inn á næsta ári að þá finnst mér nú varla við hæfi að kalla það grettistak að taka á móti þessum börnum. Ég vil meina að þetta sé sjálfsögð þjónusta borgarinnar. Auðvitað getur Samfylkingin í meirihluta ekki hætt að taka á móti börnum sem verða tveggja ára á árinu, alveg sama eiginlega hvernig árar og ég tala nú ekki um á ári sem þessu þar sem er ekki einu sinni neitt, fjárhagurinn er ekkert stórkostlega hræðilegur. Þannig að það er ekki grettistak heldur tiltölulega sjálfsagt að viðhalda þó því marki sem var sett fyrir mjög löngu síðan.

Það sem ég vil vita er: hvað hyggst meirihlutinn fyrir? Nú eru tvö ár eftir af kjörtímabilinu. Verði Besti flokkurinn og Samfylkingin áfram saman í meirihluta ætlar hann sér þá að stytta bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla? Er það langtímamarkmið? Við eigum kannski eftir að sjá það í fimm ára áætlun, sem ég hef ekki ennþá séð, getur verið að þar sé verið að gera ráð fyrir að fjölga börnum í leikskólum umfram það sem að árgangafjölgunin er? Ég vona það.

Þetta hefur, eins og ég fór yfir í grein sem birtist í Fréttablaðinu ekki fyrir neitt löngu síðan, þetta snýst ekkert bara um það að stytta bilið þannig að foreldrar fái þessa þjónustu, þetta snýst um fjárhag foreldranna. Foreldrar eru að greiða 40 þ.kr. meira á mánuði að jafnaði fyrir pláss hjá dagforeldri heldur en fyrir pláss hjá leikskóla. Það munar um minna hjá barnafjölskyldum sem eru margar hverjar ansi skuldsettar og með verri kaupmátt eða minni kaupmátt heldur en var. Mér finnst ekki eðlilegt að borgin hagræði með þessum hætti með því að leggja þessar álögur á barnafjölskyldur sem vissulega er verið að gera með því að taka ekki á móti þeim börnum sem þó er pláss fyrir. Þetta er líka leið sem hægt er að fara til þess að sporna gegn atvinnuleysi eða það er þannig að það þurfi að ráða inn fleira starfsfólk á leikskólana, það er atvinnuleysi í landinu og það er alveg ljóst að á þessum seinni hluta kreppu að þá eru það yfirleitt konur sem verða frekar atvinnulausar heldur en karlar og þarna hefði verið hægt að spyrna gegn því með þessum hætti.

Ég held að ég hafi svosem lesið hér upp ansi margar spurningar og vona að ég fái svör við þeim sem allra flestum. Ég vil líka vita svosem hvað þetta kostar. Það er talað um að hvert leikskólapláss kosti 2 milljónir að jafnaði á ári, en það er auðvitað ekki þannig að það kosti 2 milljónir að taka inn barn á leikskóla sem þegar er fúnkerandi, þar sem húsnæði er til staðar og mögulega starfsfólk, þannig

Bstj. 15. nóvember 2011

að ég myndi vilja vita hversu mikinn tilkostnað það hefði leitt af sér og hvort það standi til, segjum sem svo að það skapist samsvarandi rými á næsta ári, hvort sömu vinnubrögð verði þá viðhöfð eða ekki. En þetta er allavega komið í bili. Hver veit nema að ég komi hér upp með frekari spurningar á eftir.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Geir Sveinsson.

#### **4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Geir Sveinsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Eins og ykkur kannski fer að verða væntanlega vel kunnugt um þá á ég stóra fjölskyldu, 7 manna fjölskyldu, og af hverju er ég að fara að tala um fjölskyldu mína og hvað börnin mín fimm varðar? Þá má segja að hér sé um tvær deildir að ræða, það er annarsvegar unglingadeild og hinsvegar barnadeild. Nokkur barna minna hafa þegar gengið í gegnum skólakerfið og þar á meðal leikskólana og í dag er ég með tvö börn á leikskóla svo ég tel mig þekkja nokkuð vel til leikskólanna og hvaða starfsemi fer þar fram. Í hvert skipti sem ég spyr börnin mín í lok dags hvernig hafi verið á leikskólanum segja þau gaman, skemmtilegt og fleira í þeim dúr. Þau koma alltaf glöð úr leikskólanum þau eru alltaf ánægð með leikskólann. Mín upplifun af því starfi sem fram fer á leikskólunum er því heilt yfir mjög góð, þar er unnið frábært starf og við getum verið stolt af því starfi sem þar er unnið við oft og tíðum mjög erfiðar aðstæður.

Ég get því verið sammála mörgu sem fram kemur í grein borgarstjórans í Fréttablaðinu um nýliðna helgi um málefni leikskólans, þar sem hann kemur inná eitt og annað sem tengist leikskólunum og því góða starfi sem þar er unnið. Borgarstjóri telur upp hve skólarnir eru frábærir, hve gæðin eru mikil og hve gott og frábært starf er þar unnið og að hér sé eitt besta leikskólakerfi í heimi. Sömuleiðis kemur borgarstjóri inná tölulegar upplýsingar um það fé sem lagt er í leikskólana, fjölda barna sem eru í leikskólum borgarinnar, hvað hvert leikskólapláss kostar og fleira tölulegt sem eflaust er allt saman satt og rétt.

En allt þetta kemur bara málinu lítið sem ekkert við. Það kemur því ekkert við að fjöldi barna fædd 2010 eru ekki að komast inn á leikskólana, þau eru ekki að komast inn, þau eru ekki að komast inn og njóta alls þess sem borgarstjóri ténir til í grein sinni, þau þurfa að standa fyrir utan og bíða. Bíða í óvissunni þangað til einhvern tímann á næsta ári og allt fram á næsta haust og jafnvel lengur og það þrátt fyrir að laus pláss séu til staðar. Foreldrarnir fá engin svör um hvenær þau geti átt von á að börnin þeirra komist að, þau þurfa að bíða í óvissunni.

Það er því algjörlega út í hött af borgarstjóra að halda því fram að engin óvissa ríki um leikskólana í Reykjavík eins og fram kemur í fyrirnefndri grein. Það ríkir

Bstj. 15. nóvember 2011

nefnilega heilmikil óvissa. Það ríkir óvissa hjá hundruðum foreldra sem vita einfaldlega ekki hvenær þau koma börnum sínum að í leikskólum borgarinnar. Þau þurfa einfaldlega að bíða eftir að meirihlutanum þóknast að gefa einhver skýr svör. Þeir þurfa að bíða af því að þeir voru svo óheppnir að eignast börn sennilega á röngum tíma, á tíma þegar of mörg börn fæddust í Reykjavík.

Borgarstjóri kom aðeins inná þetta í ræðu sinni hérna áðan um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2012. Hann sló á léttu strengi og hvatti borgarbúa til að hætta að eignast börn og að nýta sér getnaðarvarnir betur og karlmönnum að fá sér herraklippingu. Allt saman áhugaverðar þælingar en ég velti því þá fyrir mér hvernig borgarstjóri ætli að viðhalda útsvarinu og ekki veitir af, sérstaklega í ljósi stöðugs fólksflóttu frá landinu. Kannski vill borgastjóri taka upp einhvers konar hvatakerfi fyrir fjölskyldur sem eignast ekki börn. En svona að öllu gamni slepptu þá auðvitað fögnum við fjölgun borgarbúa og tókumst á við þann fjölda sem hver árgangur skilar. Að takast á við aukinn barnafjölda á að vera skemmtilegt vandamál til að leysa.

Núverandi meirihluti hefur haft hátt í eitt ár til þess að leysa úr málum þessa fjölda og finna viðeigandi lausn á málum þessara barna en engin er lausnin komin. Og það sem verst er að foreldrarnir fá engin svör. Þau þurfa að eltast við upplýsingarnar og ekki er verið að hafa samband við þessa foreldra, nei, þau skulu sjálf eltast við svörin. Í gær átti ég ágætisspjall við föður barns fætt í mars 2010 og var saga hans stutt og laggóð. Hann hafði og hefur ekkert heyrt frá skóla- og frístundasviði um hvort og hvenær barnið hans gæti átt von á að komast að í leikskólum borgarinnar. Ekki símtal, ekki bréf, ekkert. Hann þarf því hugsanlega að bíða fram á næsta haust en þá verður dóttir hans orðin 2½ árs gömul.

Teljum við það vera ásættanlega þjónustu sem við erum stolt af? Er þetta það sem fjölskylduborgin Reykjavík telur ásættanlegt? Hvers konar virðing og þjónusta er þetta gagnvart íbúum borgarinnar, fólksins sem er að greiða sitt útsvar og sína skatta og gjöld sem hafa hækkað gríðarlega í valdatíð núverandi meirihluta? Nei, þau skulu bíða, því þetta hefur verið svo erfitt og sérstaklega af því að 2009 börnin voru svo mörg. Meirihlutinn er svo þreyttur eftir að hafa komið þeim fyrir að það er bara ekki meira til, peningar eða orka. Auðvitað er þetta ekkert annað en mismunur á milli barna. Börnin líða fyrir það að fæðast inn í fjölmennan árgang.

Bstj. 15. nóvember 2011

Talandi um mismunun þá langar mig að segja að hvað tvö fyrrnefndu börnin mín sem eru á leikskóla varðar, þá komst sá eldri, fæddur í maí 2007, inn þegar hann var orðinn 16 mánaða gamall en sá yngri sem fæddur er seint á árinu 2008 komst ekki inn fyrr en hann var orðinn 22 mánaða gamall. Það munaði því 6 mánuðum hvenær bræðurnir komust inn á leikskóla. Ég þurfti því að brúa bilið með dagmömmu og kostaði sá munur mig þessa 6 mánuði 200 þ.kr. nettó. Nú kveður væntanlega einhver við hér í salnum og segir; hey, þetta gerðist ekki á minni vakt. Og það er alveg rétt. Þessi meirihluti var ekki þá við völd. En staðreyndin er engu að síður sú að það hefur ekkert breyst. Það er staðreynd að hundruð foreldra þurfa að bíða í óvissu með hvenær röðin kemur að þeim og ég segi óvissu því þau fá engar upplýsingar. Þau þurfa að bíða eftir að fá einhverjar fréttir og þau þurfa að ganga á eftir upplýsingunum. Vandamálið er að það er engin stefna og meirihlutinn notfærir sér það að hér er ekki um lögbundna þjónustu að ræða.

Öll 6 ára börn fá vist í grunnskólum borgarinnar enda um lögbundna þjónustu að ræða. Og allir sem eiga rétt á fjárhagsaðstoð fá hana enda, sömuleiðis um lögbundna þjónustu að ræða. En hvernig heldur þessi meirihluti að almenningur líti þessa þjónustu? Ég er nokkuð viss um að hann telur að hér sé um lögbundna þjónustu að ræða og þar af leiðandi um grunnþjónustu við borgarbúa að ræða. Við öll hér inni flokkum þetta undir grunnþjónustu eða ég vona það allavega í það minnsta. Getur það verið að einhverjir í meirihlutanum geri það ekki? Sóley borgarfulltrúi kom inn á þetta hérna rétt áðan og gerði athugasemdir við orð Oddnýjar Sturludóttur borgarfulltrúa um að hér hefði grettistaki verið lyft. Og við skulum passa okkur eilítið á þessu því þarna erum við að fara að tala um eitthvað sem ég held að við lítum öll á að sé sjálfsagt mál að við gerum. Ef vandamálið kemur, þá þurfum við bara að takast á við það, þá þurfum við að leysa það. Eins og ég kom inná hér áðan þá er fjöldinn ljós með margra, margra mánaða fyrirvara. Þannig að þetta bara snýst einfaldlega um það að setjast niður og takast á við vandamálið.

Borgarstjóri talar um það í fyrrnefndri grein að hér sé engin þöggunarstefna í gangi. En ef það er engin þöggunarstefna í gangi, af hverju er þá ekki búið að hafa samband við allt þetta fólk og gera því grein fyrir stöðunni? Af hverju er ekki búið, fyrir löngu síðan, að senda bréf og greinargóða fréttatilkynningu um málið

Bstj. 15. nóvember 2011

Þar sem fram kemur nákvæmlega hvernig í pottinn er búið, hve mörg börn eru fædd 2010, hve mörg eru komin inn og hve mörg þurfa að bíða og hve mörg pláss eru laus á leikskólum borgarinnar og af hverju þau eru laus? Er eitthvað að því? Er það ekki lágmarks þjónusta sem íbúar þessarar fjölskylduborgar eiga skilið?

Borgarstjóri kemur inn á þessa óvissu sem mér er tíðrætt um í grein sinni og talar um að reynt hafi verið að skapa ástæðulausa óvissu og tortryggni meðal foreldra og því haldið fram að þjónusta við barnafólk sé verri en verið hefur. Það hefur enginn reynt að skapa þessa óvissu, þessi óvissa og tortryggni er sjálfsprottin. Hún er sjálfsprottin frá þeim hundruðum foreldra sem búa við þessa óvissu og fá engin svör og það þrátt fyrir að þau leiti svara og viti að það er fjöldi pláss laus á leikskólum borgarinnar og að sjálfsögðu líta þau svo á að um verri þjónustu sé að ræða.

Þessi grein borgarstjóra í Fréttablaðinu svarar því engan veginn því sem á fólki brennur, að fá einhver skýr svör, svo ekki sé nema til að fólk geti skipulagt sig og sín mál, svo ekki sé talað um að gera ráðstafanir í fjármálum sínum. Því óhætt er að fullyrða, eins og fram hefur komið í mínu eigin máli hérna fyrr, að foreldrar með börn sín hjá dagforeldrum þurfa hið minnsta að borga helmingi meira en fyrir leikskólann. Ég veit ekki hvaða augum núverandi meirihluti lítur þessi mál þrátt fyrir að hafa hlustað á formann skóla- og frístundaráðs, Oddnýju Sturludóttur, en í mínum huga er þetta ekkert annað en metnaðarleysi. Þetta er metnaðarleysi í að koma til móts við foreldra sem hafa það eina til saka unnið, ef svo má að orði komast, að hafa eignast börn á röngum tíma eða hugsanlega að eignast börn yfir höfuð sem kannski er heilmikill glæpur í augum borgarstjóra.

Það sem ég er að fara fram á snýst að litlu leyti um peninga. Þetta snýst um að hafa hlutina í lagi. Að upplýsa hlutaðeigandi um stöðu mála svo fólk geti eytt út allri óvissu. Þetta snýst um kurteisi. Þetta snýst um forgangsröðun og hvaða stefnu við viljum hafa í þessum málum. En eins og þessum málum er háttað í dag sýnir það ekkert annað en metnaðarleysi og afturför í málefnum barna í leikskólum.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Geir Sveinsson lokið máli sínu. Forseti vill minna borgarfulltrúann á að borgarfulltrúum ber þegar þeir ávarpa eða vitna til annarra

Bstj. 15. nóvember 2011

borgarfulltrúa í ræðu sinni að nota fullt nafn. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson.

#### **4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Júlíus Vífill Ingvarsson:** Forseti, ágætir borgarfulltrúar. Þessi umræða er mikilvæg mjög mörgum, mjög mörgum foreldrum og hún er mikilvæg mörgum börnum. Hér hefur ýmislegt verið sagt og þá sérstaklega verið talað um hversu stór sá árgangur er sem verið er að fást við núna og komi í leikskólana. Hversu óyfirstíganlegt nánast verkefni það er að koma börnunum þar inn. Ég vil þó minna borgarfulltrúana sem því hafa haldið fram, meðal annars formanni skóla- og frístundaráðs, að árgangurinn 1992 var einungis 5% minni heldur en sá árgangur sem verið er að keppa við núna og árgangurinn sá var stærri heldur en til dæmis 2008 og 2010.

Þannig að slíkir árgangar sem þessir eru ekki nýlunda hér á landi og ættu ekki að koma fólki á óvart og menn ættu að vera þá betur undirbúnir og hætta að lýsa þessu sem einhverju nánast áfalli fyrir okkar þjóð að fá svo mörg yndisleg börn inn í okkar samfélag, þó að borgarstjórinn hér vilji hafa það í flimtingum og talar hér um smokka og getnaðarvarnir, nauðsynlega lausn væntanlega á því vandamáli sem honum og hans meirihluta hefur ekki tekist að takast á við og einhvern veginn hefur allur dregið sig inn í skel eins og skjaldbaka þegar þetta mál hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Þannig er það nú einfaldlega og það er nú kannski það sem ég ætla nú svona frekar að taka á hér í minni ræðu heldur en leikskólunum sjálfum, sögu þeirra og þeirri þjónustu sem þar er verið að veita.

Vegna þess að það hefur komið fram í fjölmiðlum að umboðsmaður Alþingis hefur sent beiðni um upplýsingar til Reykjavíkurborgar þar sem að hann óskar eftir því að fá upplýsingar um það hvernig á því stendur að, og það eru mín orð, verið sé að þagga niður þessa umræðu og þagga niður í starfsfólki Reykjavíkurborgar og menn geta talað sig hása hér í þessum ræðustól en þetta er ekkert annað en þöggun. Þetta hefur aldrei verið stundað áður hér í Reykjavíkurborg. Það hefur aldrei farið út tilkynning til starfsmanna um það að þeir megi ekki tala við fjölmiðla, að þeim sé ekki frjálst að ræða við þá sem þeir vilja ræða við. Þetta er algjörlega nýlunda og það eru ýmis met sem slegin eru hér af þessum meirihluta af borgarstjórninni hér ekki síst þó það að hafa nánast aldrei samráð við nokkurn einasta mann.

Bstj. 15. nóvember 2011

Þessi borgarstjórn hér, meirihluti þessarar borgarstjórnar, hefur slegið þau met að hafa lýst yfir í sínum verkum að hafa engan áhuga á því að starfa með borgarbúum og augljóslega ekki áhuga á því að starfa með starfsfólkinu og það er alvarlegt. Þannig er þetta. Ég sakna þess að borgarstjóri skuli ekki standa hér upp og blanda sér í þessa umræðu. Hann skrifar þó grein um þetta mál, hann flúði nú fjölmiðla ásamt formanni skóla- og frístundaráðs og lét ekki ná í sig eins og fram kemur í erindi umboðsmanns Alþingis. Umboðsmaður spyr meðal annars, með leyfi forseta:

Ennfremur óska ég eftir upplýsingum um hvaða lagagrundvelli synjun Reykjavíkurborgar á beiðni fréttastofu Ríkisútvarpsins um upplýsingar um fjölda lausra plássá í leikskólum borgarinnar þýði.

Mér finnst eðlilegt og sjálfsagt að borgarstjóri komi hér og blandi sér í þessar umræður, geri borgarstjórn grein fyrir því hvernig að þessu máli var staðið. Það er nefnilega ekki nóg, borgarstjóri góður, að hafa gaman af því að tala við erlenda fjölmiðla eins og fram kom í ræðu borgarstjóra hér fyrr á þessum fundi, að gott ef hann sagði ekki að um 200 erlendir fréttamenn hefðu óskað eftir viðtölum við hann og að hann hefði reynt að verða við því til að slá einhverju jákvæðu ljósi hér á Reykjavíkurborg og væntanlega Ísland.

Það er nú einfaldlega svo, að vegna þessara orða hans fór ég svona að glugga í erlenda fjölmiðla og fara yfir þau viðtöl sem voru aðgengileg þar í tölvuheiminum og hvernig þessi viðtöl hafa verið. Þessi viðtöl við erlenda fjölmiðla eru náttúrulega mjög ljúf og góð. Þar er ekki spurt neinna erfiðra spurninga um leikskólamála eða grunnskólann eða sorphirðugjald eða eitthvað annað slíkt sem borgarstjóri hefur ekki áhuga á því að ræða. Þessi viðtöl við erlendar fréttastofur snúast allar um borgarstjórnann sjálfan, snúast um hann og hans snillingáfu og þessa flokks sem hann stofnaði. Það snýst ekkert um Reykjavík, það er ekkert verið að fjalla um Reykjavík eða hvetja fólk til að koma til Reykjavíkur. Það snýst bara um hans eigin persónu. Þannig að ég segi; borgarstjóri góður, slepptu því að tala við erlenda fjölmiðla, þú ert ekki að gera okkur gagn með því. Talaðu við íslenska fjölmiðla. Ræddu þar og svaraðu þeim spurningum sem að þér er beint og talaðu beint til fólksins, talaðu við fólið. Hvernig væri það?

Bstj. 15. nóvember 2011

Að reyna að opna hér skrifstofu borgarstjóra og hleypa fólki sem er að óska eftir viðtölum við borgarstjóranum að borgarstjóranum og leyfa því að segja sína skoðun. Það er nefnilega svo að umræðan í þessu þjóðfélagi hún fer ekki öll fram á Facebook. Facebook er ekki skrifstofa borgarstjórans, Facebook er ekki viðtalstími borgarstjóra.

Í fréttum kom til dæmis viðtal við Björg Óttarsdóttur sem er starfandi formaður Félags leikskólastjóra sem sagði að mörg pláss væru laus og að leikskólastjórar væru í vondri stöðu. Hún sagði, með leyfi forseta: „Hann stendur frammi fyrir því að fara fram úr fjárhagsáætlun af því að hann er ekki að fá tekjur í skólann, það er að segja leikskólastjórinn, vegna þess að leikskólagjöldin eru ekki að skila sér eða þá að segja upp fólki. Það er mjög vont að segja upp fólki, sérstaklega eins og árferðið er núna.“ Og þetta er áhugavert og væri þó þess virði að borgarstjórin og hans meirihluti hér í borgarstjórn hlustuðu eftir þessu og hlustuðu eftir þeim ráðleggingum sem eru að koma frá leikskólastjórum, þar sem þeir eru að benda einfaldlega á það að þeir geti bætt við sig börnum án aukins kostnaðar. Þrjátíu og fimm pláss hafa verið nefnd í því sambandi og það er ekki lítið. Það myndi bjarga mjög mörgum sem eru í erfiðri stöðu, því það kostar 40-50 þ.kr. meira að hafa barn hjá dagforeldri heldur en að hafa það á leikskóla og það er ekkert grín. Og það safnast upp þegar að mánuðirnir hrannast upp. Og þetta ætti borgarstjórin að hafa hugfast og jafnframt það sem að hér kemur fram í þessu viðtali við Björgu Óttarsdóttur, að fólk óttast um störf sín. Og það er það sem að hún er að segja.

Og þess vegna auðvitað þegar koma hér einhver „vinsamleg tilmæli“ eins og það hefur verið kallað af hálfu borgarstjóra til leikskólastjóra um það að ræða ekki við fjölmiðla heldur snúa sér að þessu áróðursapparati sem búið er að koma hér fyrir í Ráðhúsinu, þá auðvitað fara menn að þessu vegna þess að menn óttast um sína vinnu og það á ekki að gera lítið úr því og það verður að hafa hugfast hvaða hlutverk vinnuveitandinn hefur og hvaða skyldur og ábyrgð vinnuveitandinn hefur gagnvart því fólki sem starfar hér hjá Reykjavíkurborg og það verður að koma fram af meiri kurteisi og meiri einlægni heldur en gert hefur verið í þessu máli fram til þessa.

Bstj. 15. nóvember 2011

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir.

#### **4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Eva Einarsdóttir:** Ég nota tækifærið og hugsa til Óttars Proppé borgarfulltrúa og fæ að nota hans byrjun. Ástkæri forseti, ástkæru borgarfulltrúar og ástkæru borgarar. Umræða um leikskólamál er hér á dagskrá í borgarstjórn og það skal engan undra enda mikilvægt mál og sem snertir flesta borgarbúa. Um 7000 börn eru í leikskólum borgarinnar og svo fjölskyldur á bak við allan þennan barnafjölda og samtals er velta fyrir til dæmis fyrir árið 2011 rúmir 10 milljarðar. Þetta eru gríðarlegir fjármunir sem eru að fara í þetta 1. stig skólakerfisins sem leikskóli er og það er hið besta mál, þeim peningum er svo sannarlega vel varið.

Borgarfulltrúi Geir Sveinsson talaði hér um að leikskóli eða 1. skólastigið væri grunnþjónusta þótt svo sannarlega væri hún ekki lögbundin og ég er algjörlega sammála því. Ég veit ekki hvort að allir borgarbúar geri sér grein fyrir því að þetta sé semsagt ekki lögbundin skylda sveitarfélaga, en ég er sammála þarna, að þarna er svo sannarlega um grunnþjónustu að ræða þegar kemur að þjónustu við foreldra og ég tala nú ekki um börnin. Þetta mál um innritun leikskólabarna hlaut umfjöllun í fjölmiðlum og hefur fengið hana og það er ekkert skrytið enda er þetta vissulega hagsmunamál fyrir foreldra. Þær upplýsingar sem komu fram í tilkynningu til fjölmiðla í síðustu viku voru í raun ekki nýjar af nálinni og til dæmis þegar rætt var við mig þá hélt ég engu öðru fram þegar ég var spurð að því hvort þetta væri í rauninni nýtt, heldur voru þessar upplýsingar sendar út til þess eins að áréttu það sem áður hafði komið fram; að markmiðið, þá allavega hjá þessum ágæta meirihluta í borginni, væri að koma hinum stóra árgangi 2009 í leikskólapláss á því ári sem þau yrðu tveggja ára.

En að við værum að skoða hvort mögulegt væri að innrita fyrr þau börn sem eru fædd fyrst á árinu 2010 og það höfum við alltaf sagt og því höfum við svarað. Rætt hefur verið mikið um húsarými, laust húsarými og það er hárrétt, að húsarými fyrir 100 börn eru vissulega til en í umræðunni verður að skoða það í samhengi við fjármagn og pláss. En eins og fram hefur komið í umræðunni að þá er húsnaðiskostur einungis 8% af þeim kostnaði sem er á bak við svokallað fjármagnapláss.

Bstj. 15. nóvember 2011

Hér hefur einnig verið talað um þöggun og önnur orð hafa verið notuð yfir það sem flestir mundu kalla vinsamleg tilmæli um að vísa fjölmiðlum á upplýsingasvið borgarinnar. Þar sem við erum að ræða um þetta mál, þá tel ég ágætis hugmynd að lesa upp þetta ágæta bréf fyrir þá, það er að segja ef að einhver hefur ekki heyrt þetta bréf en í því stendur, með leyfi forseta: „Góðan daginn, ágætu leikskólastjórar. Að gefnu tilefni vil ég vinsamlegast biðja ykkur um að senda fyrirspurn frá fréttamönnum varðandi fjölda barna og fleira í upplýsingadeild Ráðhússins, það er að segja Sigrúnar Björnsdóttur, upplýsingafulltrúa skóla- og frístundasviðs. Með bestu kveðju, Hildur.“ Og þarna vitna ég í Hildi Skarphéðinsdóttur sem vinnur á skóla- og frístundasviði.

Vissulega getur maður örugglega túlkað þetta bréf á marga vegu. En ég tel það fullkomlega eðlilegt að þar sem að hér er rekið upplýsingasvið og í borginni eru um 80 leikskólar að það sé eðlilegt að fyrirspurnir tengdar starfsstöðum séu sendar á upplýsingasvið. Og mig langar að nefna það að til dæmis þegar að ég var að vinna á leikjanámskeiðum eða sumarnámskeiðum, eins og þau kallast í dag, þá var það alltaf í starfshönnun að ef eitthvað væri eða ef að það væri verið að spyrja okkur út í eitthvað efni sem viðkom starfinu að þá var okkur bent á að hafa samband við svið ÍTR sem ég þá starfaði undir. Þannig að það tel ég fullkomlega eðlilegt. Eins í því samhengi, þá hef ég til dæmis unnið fyrir mjög stóra tónlistarhátíð hér í borginni og fyrir þá hátíð var fjölmiðlafulltrúi eins og er svo gjarnan í fyrirtækjum, hvað þá stórfyrirtækjum og ég vil bara koma þessu áleiðis að ég held að það sé fullkomlega eðlilegt að safnað sé saman ábyrgum upplýsingum og þessi vinsamlegu tilmæli voru einungis til þess send. Svo verður fólk að fá að túlka eins og það vill.

Hér er talað um að borgarstjóri ætti að einbeita sér að öðru en gæluverkefnum og hér hefur einnig verið nefnt fyrr í umræðunni vinsældarákvarðanir og svo framvegis og allavega ef ég hefði eitthvað um að segja í mínum meirihluta og við værum svona að reyna að afla okkur vinsælda, þá mundum við nú kannski velja eitthvað annað verkefni en að spyrja um, það má líka túlka það á ýmsan hátt. Hérna var gagnrýnt, borgarfulltrúi Kjartan Magnússon gagnrýndi þá ákvörðun Reykjavíkurborgar að vera svokölluð skjólborg fyrir rithöfund sem er í hættu í sínu eigin heimalandi. Mig langaði bara að nota tækifærið því að ég er mjög stolt

Bstj. 15. nóvember 2011

af þessu verkefni, eins og örugglega margir íbúar í Reykjavík og í hinni 51 borginni sem eru samstarfsaðilar í þessu góða verkefni sem er að hýsa blaðamenn og rithöfunda sem eru í hættu í sínu heimalandi. Þannig að mig langar að koma því fram að ég er mjög stolt og þótt við séum svo sannarlega að kljást við þennan stóra árgang og stóru árganga barna að þá engu að síður er borgin líka að sinna öðrum verkefnum sem þykja mikilvæg og ég held að það að Reykjavík verði þekkt sem friðarborg og sem sinni mörgum mannréttindaverkefnum sé bara hið besta mál.

En aftur að leikskólamállum, þá tel ég að formaður skóla- og frístundasviðs, Oddný Sturludóttir, hafi farið vel yfir sögu og staðreyndir hér og ég ætla því ekki að lengja mál mitt að svo stöddu.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarstjóri.

#### 4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

**Borgarstjóri Jón Gnarr:** Virðulegi forseti og ágæta borgarstjórn. Já. Það er nú búið að skora á mig að stíga hér upp og svara fyrir mig. Ég þakka fyrir athyglisverða umræðu og nauðsynlega. Það eru nokkur atriði sem komið hafa upp í hugann sem mig langar til að impra á. Ég vil byrja á því að segja, af því að borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir minntist hér áðan á borgarfulltrúa Óttar Proppé, þann ágæta mann, sem á það til að kalla okkur ástkær. Þessi orð borgarfulltrúans, Evu Einarsdóttur vöktu mig til umhugsunar um eitt sem mér finnst mjög merkilegt og mig langar að deila með ykkur hér núna í þessari umræðu. Þegar ég byrjaði hér fyrir einu og hálfu ári síðan, um það bil, þá þekkti ég ákaflega fáa hér og málkunnugur sumum, suma hafði ég hitt kannski einu sinni, tvisvar, og aðra hafði ég einungis séð í fjölmiðlum. Og eins og maður er í mannlegu eðli, þá hafði ég mótað mér skoðanir á sumu fólki, ég hafði mótað mér skoðanir, ekki bara á einstaklingum heldur jafnvel hópum og var haldinn ákveðnum fordómum gagnvart fólki, það er að segja að ég myndaði mér dóma og dró ályktanir sem ég hafði engar forsendur fyrir.

En síðan ég byrjaði hér hefur gengið á ýmsu og við höfum átt í allskyns samskiptum og samskiptaerfiðleikum en ég hef lært, þann tíma sem ég hef verið hér, ég hef kynnst ykkur og það sem meira er, að mér finnst vænt um ykkur og mig langar að segja það. Og fyrir hverju og einu ykkar ber ég virðingu. Virðing mín hefur kannski ekki alltaf verið svo skýr eða greinileg en ég lofa því að hún mun verða það meira og meira.

Þá að leikskólamálu. Ég, eins og borgarfulltrúi Geir Sveinsson, hef lifað mikið barnalán og á einmitt fimm börn. Frá því að ég byrjaði að eignast börn og eiga samskipti við leikskóla, þá hefur mér fundist leikskólarnir í Reykjavík fara alltaf batnandi og mér finnst það ekki hafa neitt með neinar pólitískar áherslur að gera, ég hef ekki skynjað það. Ég hef bara skynjað fagmennsku og metnað í leikskólunum í Reykjavík vaxa. Og ég er fullviss um það að okkur langar öllum til þess að gera eins vel við börnin í þessari borg og við mögulega getum. Ef mann langaði það ekki, þá væri bara hreinlega eitthvað að manni.

Bstj. 15. nóvember 2011

Borgarfulltrúi Geir Sveinsson sagði hérna áðan, ef ég skildi hann rétt, að þetta snerist ekki um peninga. Ég er ekki alveg sammála því. Þetta snýst því miður að mjög miklu leyti um peninga og við skulum ekkert horfa framhjá því að við urðum fyrir efnahagshruni og fjárhagur okkar breyttist mikið, kaupmáttur rýrnaði og vandamál skutu upp kollinum sem við höfðum ekki þekkt áður. Og jafnvel vandamál sem við hugsuðum einhvern veginn að myndu aldrei ná til Íslands, vandamál sem væru bara til í útlöndum, myndu aldrei koma hingað. Það væri mín einlæga ósk að geta veitt öllum börnum og öllum foreldrum í Reykjavík fullkomna þjónustu og enginn þyrfti að vera í nokkurri einustu óvissu um neitt. Ég vildi óska þess að allir foreldrar gætu valið fullkominn leikskóla fyrir börnin sín fyrir verð sem þau væru fullkomlega sátt við og börn fengju fullkomna aðhlyningu eða uppeldi í leikskólum svo ekki sé talað um líkamlega næringu. Ég vildi óska þess að við gætum boðið börnum upp á algjörlega fullkominn mat sem allir myndu bara viðurkenna að væri fullkominn og hollur og góður. En það kostar. Hvað svo sem manni finnst, þá kostar þetta peninga. Það kostar að reka húsnæði, það kostar að ráða fólk og það kostar að reka svona kerfi.

Ég tel að við höfum brugðist gríðarlega vel við þeim vandamálum sem við stóðum gagnvart. Við höfum reynt að mæta foreldrum og börnum eins vel og hægt var en auðvitað getur maður alltaf gert betur. Vegna þess að það er sama hvað mann langar til þess að hlutirnir séu fullkomnir, það er alltaf hægt að benda manni á það að þeir eru það ekki. Það er ekkert fullkomið. Og síðan varðandi umræður um það sem náttúrulega við getum tekið, ja, við getum tekið þá umræðu endalaust og útum allt. Semsagt þegar maður gerir eitthvað, ætti maður kannski frekar að vera að gera eitthvað annað og þetta er náttúrulega bara ákvörðun sem hver og einn verður að taka út frá sinni eigin dómgreind og sannfæringu og í þeirri fullvissu að viðkomandi sé að gera eitthvað gott.

Ég hef áður sagt það að ég held að fólki almennt, bara venjulegum manneskjum, gangi gott til. Ég held að allir, allt eðlilegt venjulegt fólk, vilji gera gott og láta gott af sér leiða og ég held að flestir vilji að fólk í kringum það hugsi hlýlega til þess og tali fallega um það og segi: þessi manneskja er góð, þetta er góð manneskja. Það vill enginn vísvitandi búa til klúður eða eitthvað slæmt og láta það verða minnismarki um sig. Og ég tel að þetta sé til dæmis einir mestu fordómar

Bstj. 15. nóvember 2011

sem við búum við til dæmis á Íslandi í dag, það eru fordómar gagnvart fólki í stjórnámálum, að það sé svona og hinsegin, og maður sér þetta í fjölmiðlum eða á bloggsíðum og heyrir þetta í tali fólks. Alhæfingar, þessir eru svona og þessir eru hinsegin og ekki bara einstaklingar heldur fólk sem tilheyrir einhverjum ákveðnum hópum. Þetta er bara alrangt og fólk er bara að mestu leyti gott og vill vel og gengur gott eitt til. Varðandi það sem borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson kom inn á hér áðan í máli sínu, varðandi þetta með viðtöl við mig í erlendum fjölmiðlum, að þá tel ég að það hafi gríðarlega mikið vægi og sé mikil kynning fyrir okkar borg og okkar menningu. Miklu, miklu meira heldur en fyrir mig persónulega.

Og það vil ég gefa og mér finnst það vera gefandi og mér finnst það vera gott og mér gengur gott eitt til með því að nýta það borginni til heilla og tel að það sé að skila sér. Varðandi það sem sagt hefur verið um það að hér sé einhverskonar þöggun í gangi eða jafnvel leynileg þöggun, innan gæsalappa, að svona vinsamlega beina þeim tilmælum til fólks að vera vinsamlegast ekki að tala neitt, er algjörlega á misskilningi byggð. Mér finnst svolítið misskilningur af borgarfulltrúa Júlíusi Vífli Ingvarssyni að kalla upplýsingadeild borgarinnar áróðursapparat, mér finnst það svolítið djúpt í árina tekið. Ég verð að segja það. Mér finnst þetta fyrst og fremst fagleg, viðurkennd leið til þess að miðla upplýsingum og það er ein besta leiðin til þess að við getum farið í einhverja sameiginlega ferð og útkoman verði sem best fyrir okkur öll, að upplýsingar séu skýrar og samræmdar og settar fram á skiljanlegan hátt.

Varðandi það að ég eða við meirihlutinn höfum varist því að veita upplýsingar, ég skil það ekki. Ég hef talið mig vera í ágætu sambandi við fjölmiðla og út af þessu tiltekna máli veitti ég viðtal við Ríkissjónvarpið. Sama dag var ástkær borgarfulltrúi Óttarr Proppé í Kastljóssviðtali þar sem hann var að veita sömu upplýsingar þannig að ég fellst ekki á það. Og síðan vil ég nú bara taka upp hanskann fyrir Facebook vegna þess að Facebook er snilld og það eiga allir að nota Facebook og það er bara mjög gott. Og ég endurtek það og ítreka það að mér finnst vænt um ykkur og takk fyrir mig.

Bstj. 15. nóvember 2011

**Forseti:** Vó. Bíddu rólegur hér. Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir óskað eftir því að veita andsvar við ræðu borgarstjóra.

Bstj. 15. nóvember 2011

#### **4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það var mikið að líf færðist í leikinn hér en ég vil byrja á að þakka borgarstjóra fyrir einlæga hugvekjum um samskipti og framkomu fólks hvers við annað og þakka jafnframt borgarstjóra fyrir. Hann á það til að taka svona syrrur í því að reyna að hreinsa stjórnmalafólk af óorði því sem ríkir í samfélaginu eða sem sagt, hvað á maður að segja, þeirri óvild sem ríkir í samfélaginu, sem að þó borgarstjóri á nú ekki hve minnstan þátt í að skapa. Og mér finnst eðlilegt að við höfum það hugfast og ég held að borgarstjóri eigi að muna það líka að hann situr í þessum stól meðal annars vegna þess að hann talaði stjórnmal og stjórnmalafólk niður með afar óviðeigandi hætti alla kosningabaráttuna vorið 2010 og það er bara eitthvað sem ég ætla að leyfa mér að segja hér og rifja upp og eitthvað sem borgarfulltrúar Besta flokksins ættu allir að muna.

En fyrir utan það vil ég biðja borgarstjóra um að segja mér hver hans stefna er og hvað það er sem hann vill gera í leikskólamálum. Er það einlæg stefna Besta flokksins, borgarstjóra, meirihlutans, ég hef ekki ennþá fengið svör við því, að stytta bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla? Finnst borgarstjóra, ég vil heyra það frá borgarstjóra líka þó að formaður skóla- og frístundaráðs segi hér að hún muni koma upp á eftir, finnst borgarstjóra eðlilegt að það séu vannýtt pláss í leikskólum borgarinnar? Ég myndi vilja vita það. Það væri gott ef hann hlustaði meðan maður er að tala, talandi um samskipti og heiðarleika og fallega framkomu. Ég myndi vilja að borgarstjóri segði mér hvað hann hyggst fyrir í leikskólumálum. Mér finnst ágætt að fá hugvekjur og við getum alveg rætt um framkomu og heiðarleika, en ég vil vita hvert borgarstjórinn stefnir í leikskólumálum og ég vil vita hvort honum finnst eðlilegt, ef það er rétt [forseti slær í bjöllu] að það séu laus pláss [forseti slær í bjöllu] í leikskólum borgarinnar [forseti slær í bjöllu], hvort honum finnst eðlilegt að þau séu vannýtt.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið við að veita andsvar við ræðu borgarstjóra og þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson óskað eftir því að veita andsvar við ræðu borgarstjóra.

#### **4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Júlíus Vífill Ingvarsson:** Forseti, borgarstjórn. Það er ljúft að heyra það að borgarstjóra skuli þykja vænt um okkur öllsömul sem hér erum í þessum sal en það er nú svo að þau mál sem voru hér til umfjöllunar fengu minni umfjöllun í hans ræðu heldur en væntumþykja hans og ástúð á okkur sem hér erum í þessum sal og hann var ekki að bregðast við því sem ég var að biðja hann um að fjalla um sem var auðvitað það bréf sem kemur frá umboðsmanni Alþingis. Það er gert lítið úr því hér að um einhverja þöggun hafi verið að ræða en aldrei hefur komið bréf frá umboðsmanni Alþingis til þessarar sveitarstjórnar þar sem að því er ýjað að hér sé verið að halda fólki niðri og meina því að tala við fjölmiðla eins og þeir hafa óskað eftir og ég vil benda, vegna þess að umboðsmaður Alþingis óskar eftir því að bent sé á þann lagagrundvöll sem þetta byggir á, vegna þess að í stjórnsýslulögum stendur hérna í 17. grein, með leyfi forseta: „Þegar sérstaklega stendur á er stjórnvaldi heimilt að takmarka aðgang aðila máls að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þyki eiga að víkja fyrir mun ríkari almannahagsmunum eða einkahagsmunum.“

Og hvað á maður að sjá út úr þessu? Kannski það sem borgarstjóri skrifar í sinni grein í Fréttablaðið þar sem hann veltir því fyrir sér hvort hér hafi verið reynt að skapa ástæðulausa óvissu og tortryggni. Og hverjir hafa átt að reyna að skapa þá ástæðulausu óvissu og tortryggni? Ég bara velti því fyrir mér hvað átt er við með þessu og væntanlega líka, hér er talað um að beina fyrirspurnum frá fjölmiðlum [óskýrt] til að fyrirbyggja misskilning. Þannig að það er kannski þetta sem borgarstjóri er að tala um og kannski getur hann fundið einhvern stað þess í lögum að hér hafi verið að hugsa um almannahagsmuni, eins og stendur í lögnum. Ég held ekki.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson lokið við að veita andsvar við ræðu borgarstjóra og þá veitir andsvar við ræðu borgarstjóra borgarfulltrúi Geir Sveinsson.

#### **4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Geir Sveinsson:** Ég þakka sömuleiðis hlý orð borgarstjóra í minn garð og okkar. Mér finnst þetta ágætt, það er alltaf ágætt að koma aðeins inn á kærleikann og ég held að hann sé okkur öllum nauðsynlegur þannig að mér fannst þetta fínt hjá honum. En að þetta snúist um peninga eða ekki peninga, það er auðvitað stór spurning og eins og hann kom aðeins inn á, borgarstjóri, spurning um hinn fullkomna heim. Hann í sjálfu sér er ekki til og hann auðvitað myndi kosta eitthvað sem við getum ekki einu sinni rætt um og ég geri mér fullkomlega grein fyrir því, að koma þeim fjölda, 2010 árganginum, fyrir kostar að sjálfsögðu peninga. En ef það eru pláss laus, þá tel ég það ekki snúast um mikla peninga og þá snýst það að litlu leyti um peninga og ef borgin getur sinnt betur því hlutverki sem henni ber skylda til sem þjónustuaðila gagnvart íbúum þessarar borgar með upplýsingagjöf og að gefa fólki hreinlega betri svör, þá kostar það sömuleiðis lítinn pening.

En óvissa foreldra og sú bið sem margir foreldrar standa frammi fyrir, hún kostar foreldra mikla peninga. Þó að það væri í sjálfu sér bara brotabrot fyrir Reykjavíkurborg miðað við rekstur hennar, stærð og umfang, hvað það er lítill hluti. Þannig að þetta er mjög afstætt þegar við erum að ræða um hvað séu peningar, hvað séu litlir peningar og hvað séu miklir peningar, en það er alveg ljóst, að óháð peningum og með litlu fjármagni á Reykjavíkurborg að geta sinnt þessu hlutverki mun betur.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Geir Sveinsson lokið við að veita andsvar. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir.

#### **4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Oddný Sturludóttir:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla hér að reyna að koma til skila svörum við fjölmörgum spurningum sem til okkar í meirihlutanum hefur verið beint og biðst forláts ef ég hef ekki svör á reiðum höndum við öllu og skal sannarlega kalla þá eftir því í kjölfarið. En mér þykir þetta mjög áhugaverð umræða. Mér þykir vænt um hana. Mér þykir vænt um ræðu borgarstjóra hér fyrr og mér þykir í rauninni vænt um mjög mikið af því sem fram hefur hér komið. Til að mynda vísar borgarfulltrúi Geir Sveinsson að þeirri óþreyju foreldra að komast að á leikskóla með börnin sín og það skil ég mjög vel. Ég á ekki sama barnaláni að fagna og borgarfulltrúinn Geir Sveinsson og hæstvirtur borgarstjóri, ekki í fjölda talið, en kannast sannarlega við þá spennu, vil ég segja, og eftirvæntingu hjá foreldrum á því tímabili sem kemur alltaf upp í lífi hvernar barnafjölskyldu að fæðingarorlofinu sleppir og leikskólinn er ekki handan við hornið.

Þá höfum við þjónustu dagforeldra, við höfum auðvitað það til þess að nýta okkur og ég vil taka það fram að foreldrar í Reykjavík eru ánægðir með þjónustu dagforeldra en við vitum vel að öryggið sem býr að baki leikskólavistinni er annað og við teljum að börnin okkar, þegar þau eru komin á ákveðinn aldur, að þau séu tilbúin til þess að takast á við ögrandi viðfangsefni leikskólans og ég hef mikla samúð og sýni því mikinn skilning að foreldrar séu óþreyjufullir. En það er svo mikilvægt í þessu samhengi að skoða hvernig raunin hefur verið sl. ár og af því að borgarfulltrúinn Geir Sveinsson vísaði hér í foreldri sem fætt er í mars, þá er ekki endilega víst, það fer aðeins kannski eftir hverfi sem viðkomandi foreldri hefur verið búsett í, en það er allsendis ekki víst að samkvæmt því sem hefur verið sl. ár hjá borginni, sl. tíu ár, að það barn hefði átt örugga vist á leikskóla fyrr en bara næsta haust eða rétt fyrir sumarfrí.

Við erum búin að fara hér yfir það hvernig þessi 18 mánaða viðmiðun hefur verið. Við vitum vel að það var ekki hægt að mæta því af því að börnin verða 18 mánaða á mismunandi tíma ársins en nú eru reglur um leikskólaþjónustu þær að við reynum að, við reynum ekki, við lofum því að öll börn á öðru aldursári fái inni á leikskóla og þá eru þau á misjöfnum aldri, það er rétt. Og hver mánuður telur og ég sýni því mjög mikla samúð og mikinn skilning að foreldrar skuli kalla eftir vist á okkar frábæru leikskólum en allt er þetta spurning um raunhæfni og spurning

Bstj. 15. nóvember 2011

um peninga, eins og vikið var að hér, og líka spurning um forgangsroðun. Síðastliðin ár hefur þetta hlutfall, það er að segja ef við tökum stöðuna á þessum tíma ársins, þá er hlutfallið sem er sum sé börn sem ekki eru orðin tveggja ára sem eru inni í leikskólakerfinu, það hefur verið í kringum þetta 15%, 20, þetta er ekki stærri hópur, og nú er þetta hlutfall aðeins lægra, það er rétt, en það er vegna ástæðna sem við höfum vikið hér að að við höfum átt fullt í fangi með að forgangsraða okkar fjármunum í þessa stóru árganga.

Og þá langar mig aðeins að víkja hér að pólitíkinni á bakvið þetta allt saman og þess vegna þykir mér vænt um þessa umræðu vegna þess að það er ekki á hverjum degi sem svo skýrar og skarpar pólitískar línur birtast, eins og í málefnum leikskólanna. Borgarfulltrúi Geir Sveinsson, svona, já, snupraði mig létt fyrir það að tala um grettistak og ég skal alveg taka undir með honum þar. Sannarlega var þetta þó grettistak og þá kannski ekki síst vegna þess að við þurftum að fara í miklar æfingar hér. Hér í sölum borgarstjórnar er einhver óvissa um það hver sagði hvað, kannski var það borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir sem talaði um grettistak, hinsvegar talaði Júlíus Vífill Ingvarsson um að ég hefði sagt að það væri óyfirstíganlegt að koma öllum þessum börnum í leikskólavist. Það sagði ég ekki og tel ekki svo vera. En af því að við erum að ræða þessi mál á þennan hátt, þá held ég að við verðum að hafa það hugfast að það eru mjög skýrar pólitískar línur um það hvernig við forgangsroðum fjármunum til leikskólalássa.

Ég vék hér í upphafi ræðu minnar áðan að því hvernig borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna bókaði hér fyrir ári síðan, ef hann hefur algjörlega skipt um skoðun varðandi til dæmis gildi heimgreiðslna í staðinn fyrir örugg leikskólaláss, þá hlýt ég að fagna því gríðarlega. Ég hlýt að fagna því gríðarlega. En svona var bókað fyrir ári síðan og af því að það er hér talað um skýr svör til foreldra og hverju maður svarar þegar foreldrar sannarlega þrá að koma barninu sínu að á óskaleikskólanum, þá velti ég fyrir mér hver svör okkar væru ef við hefðum forgangsraðað á þann hátt sem bókanir sjálfstæðismanna fyrir ári síðan lýsa, þá hefðu svörin verið á þá lund: „en við erum jú að greiða þér 20.000 krónur á mánuði fyrir að leita annarra leiða eða leita ólíkra og ódýrra lausna um það hvernig þú kemst aftur til þinnar vinnu og hvernig barninu þínu reiðir af á meðan.“

Bstj. 15. nóvember 2011

Og ég hefði ekki boðið í það, borgarfulltrúi Geir Sveinsson, að standa hér með mjög vonsvikna og reiða foreldra, foreldra barna sem fædd eru árið 2009, ekki 2010 bara heldur 2009, og svörin væru: „en við erum jú að bjóða upp á heimgreiðslur.“ Af því að það er nákvæmlega það sem kemur fram í málflutningi þíns flokks fyrir ári síðan og ég hlýt þá að fagna því ef þú ert á öndverðri skoðun, að, með leyfi forseta: „Fyrir liggur í fjárhagsáætlun að tryggja á börnum dýrasta úrræðið, leikskólavist,“ og áfram er haldið, „að þessar ákvarðanir, að trygging um leikskólaláss er bæði dýrasta leiðin sem hægt er að fara til að þjónusta þessi börn [fædd 2009] og sú erfiðasta.“ Þetta var sagt hér í söllum borgarstjórnar fyrir ári síðan og ég held að við hljótum öll, sérstaklega foreldrar í þessari borg, að fagna því að forgangsröðunin var með öðrum hætti.

En hér komu fram spurningar frá borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur sem talaði hér um grettistakið og ég hafði merkt aðeins við það hér því ég er sammála henni pólitískt, borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur, að það þarf ekkert að klappa manni sérstaklega á bakið fyrir það að setja hér leikskólaláss barna áfram í forgang en það voru, það voru mjög margir tilbúnir til þess að draga það í efa að við myndum ná því markmiði og það voru borgarfulltrúar hér í þessum sal tilbúnir til þess að segja að þetta væri röng forgangsröðun og þess vegna vildi ég sérstaklega tala um grettistak. Grettistakið átti kannski sérstaklega að lýsa því að þarna var um ansi hreint merkilegt samstillt átak margra sviða borgarinnar sem við kvörtum nú stundum yfir hér í þessum sal og í nefndum og ráðum að við eigum dálítið stórt kerfi og stundum tala embættismenn ekki nógu mikið saman milli sviða. Það bara verður oft þannig og engum um að kenna. En mér finnst starfsmenn borgarinnar hafa sýnt það í verki hversu vel þeir geta unnið saman og ef forgangsröðin er skýr og ætlun þeirra sem fara með völdin er algjörlega skýr, þá getum við gert ótrúlega merkilega og góða hluti.

Sagan á bakvið það hvort þessi staða hafði áður komið upp, ég skal kalla eftir því en ég held hreinlega að þetta sé mjög óvenjuleg staða. Og það er ekki síst vegna þess sem ég fór yfir hér í fyrri ræðu minni, að mannekjan hefur verið fylgifiskur leikskólanna mjög lengi. Í tíð Reykjavíkurlistans, af því að Sóley Tómasdóttir fór svona hér aðeins yfir söguna og ég held að það sé bara mjög gott, og það varð nú fyrst virkilega spennandi þegar borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson fór að tala

Bstj. 15. nóvember 2011

hér um árganginn sem fæddur er 1992, það verður mjög gaman að fara aðeins yfir það hér síðar en framlög til leikskólamála jukust, nú horfi ég á félagi mína, Dag B. Eggertsson og Björk Vilhelmsdóttur, um að mig minnir 400% í tíð Reykjavíkurlistans. Slíkur var vilji manna og kvenna sem þar komu að málum að enginn einn málaflokkur fékk viðlíka aukin framlög og enginn málaflokkur fékk jafnmikinn kraft til sín eins og leikskólamálin og það var talað um leikskólabyltinguna.

Mín framtíðarsýn, og þess vegna segi ég, það hefur alltaf verið áskorun fyrir leikskólann að manna. Við höfum alltaf verið að byggja upp leikskólana með slíkum krafti og slíkum hraða að það hefur alltaf verið áskorun að manna. Líka þegar atvinnuástandið hefur verið þannig að það ætti að vera auðvelt að manna. Og enn þann dag í dag tala leikskólastjórar, þetta er aðeins misjafnt eftir leikskólum, ég viðurkenni það, en enn er talað um að það er áskorun að manna leikskólana. Þrátt fyrir atvinnuástandið eins og það er í dag. En ég held að þessi staða sé að koma upp í fyrsta skipti núna að við erum vel mönnuð, það er eftirsóknarvert að vinna á leikskólum og það er gott. Við erum að fjölga fagfólki á milli ára og það er gott. Allt er þetta jákvætt og við erum með þessu átaki sem við förum í, að stækka leikskólana, með nægt húsrými. Það er að segja við erum ekki að gjörnýta hvern einasta fermetra sem hefur alltaf verið staðan. Það hefur alltaf verið staðan. Þannig að þetta er tiltölulega ný staða en á sér ýmsar ástæður.

Svo kemur Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi að þessum viðmiðum sem við höfum haft um 18 mánaða aldurinn. Foreldrar voru í sjálfu sér ekki óánægðir með það markmið en þeir voru óánægðir með að borginni tækist ekki í öllum tilvikum og alloft og óþarflega oft ekki að uppfylla þau markmið. Það er óþægilegt að vera með reglur um leikskólaþjónustu, sem hétu reyndar eitthvað annað, en voru viðmið borgarinnar um inntöku barna á leikskóla, þau svör sem foreldrar fengu, að 18 mánaða væri viðmiðið en svo verður barnið 18 mánaða í einhverjum þeim mánuði eða á þeim tíma ársins að það var ekki mögulegt að verða við ósk foreldranna um leikskóladvöl. Þannig að það er vissulega meiri sveigjanleiki í því að segja á öðru aldursári og reyna svo að haga inntökunni þannig að það sé elsta barnið sem komist alltaf inn fyrst. Þannig að foreldrar voru óánægðir með það að borgin gat ekki alltaf mætt þessu markmiði. Þannig var staðan ... Ja, nú þyrfti ég

Bstj. 15. nóvember 2011

að fá að fletta upp í fagstjóra leikskóladeildarinnar en þannig hefur staðan verið mjög lengi, allt fram til þess að árið 2008 var þetta rýmkað í á öðru ári.

Framtíðarsýnin, að línan færist til, sannarlega, sannarlega. Mín framtíðarsýn er þó fyrst og fremst sú, og þar hef ég ekki allt um málið að segja en við Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi erum þó í þeirri stöðu að geta haft áhrif á okkar fólk, ég vil lengja fæðingarorlofið. Það er númer eitt, tvö og ... Ég vil lengja þetta fæðingarorlof. Þetta fæðingarorlof er of stutt. Það er styttra hjá Íslendingum en hjá öðrum Norðurlandþjóðum og það vil ég lengja. Fyrst og síðast. En að sjálfsögðu vil ég sjá aldur barna þróast í þá átt [forseti slær í bjöllu] og inntöku inn á leikskóla að sem flestir geti nýtt sér þá frábæru þjónustu. Ég verð nú víst að ljúka máli mínu hér en einhverjar spurningar standa út af borðinu og ég skal sannarlega ganga í það sem allra fyrst að fá svör við því.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir óskað eftir því að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

#### **4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil þakka borgarfulltrúa Oddnýju Sturludóttur fyrir ágæt svör, þó þau hafi nú kannski ekki verið lögð fram við öllum mínum spurningum, bara sjálfsagt að þau komi fram seinna. Ég held að þetta hafi allt verið mjög mikilvægar spurningar sem við þurfum að svara og hver veit nema maður muni þá bara leggja þær fram skriflega í skóla- og frístundaráði, það má vel vera. En það er tvennt sem að mig langar til að segja, annars vegar varðandi það að borgarfulltrúinn talar um að þetta sé mjög óvenjuleg staða og er í raun og veru að gefa í skyn að þetta hafi ekki gerst áður. Þá vil ég bara ítreka það að þetta var tækifæri til þess að bæta þjónustuna og til þess að stytta bilið. Það hefði mátt gera það og hefði átt að gera það að mínu mati. Borgarfulltrúinn svaraði því mjög óljóst hver hennar skoðun væri á þessu eða hver stefna meirihlutans væri.

Að sama skapi svaraði hún mér líka mjög óljóst hvort að hún vildi stytta bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Það er alveg sjálfsagt að lengja fæðingarorlofið, auðvitað reynum við að stuðla að því hvert í okkar flokki og ég held að við séum svosem öll sammála um það að það sé mikilvægt að lengja fæðingarorlofið sem er styttra heldur en víða í nágrannalöndum okkar, það er rétt, en við erum borgarfulltrúar í Reykjavík, við höfum vald til þess að breyta og getum meðal annars ákveðið að börn verði tekin inn fyrir á leikskóla og það er spurningin sem ég beindi til borgarfulltrúans og ég myndi mjög gjarnan vilja fá svör við því. Borgarstjóri hefur ekki svarað mér og ég hef ekki fengið skýr svör frá formanni skóla- og frístundaráðs og óska eftir að fá þau, hvort það sé stefna meirihlutans í Reykjavík að reyna eftir fremsta megni, eða jafnvel að framkvæma það, að flýta inntöku barna á leikskóla frá þeim reglum sem nú er eða frá því sem nú er.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið við að veita andsvar og næstur á mælendaskrá ... Óskar ... Stutta athugasemd? Já, gjörðu svo vel. Þá hefur, fyrirgefið þið, borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir óskað eftir að veita andsvar. Svára andsvari, fyrirgefið þið.

#### **4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Oddný Sturludóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil að sjálfsögðu að sú þróun haldi áfram að börn verði sífellt yngri þegar þau komist að á leikskólunum. Ég hélt að ég hefði komið því ágætlega hér til skila. Það er hinsvegar þannig eins og ég vék að hér í fyrstu ræðu minni, af því að hér kemur ítrekað fram að í haust hafi verið þetta og þetta mörg laus pláss, við erum í rauninni að sjá mjög miklar breytingar á þessari tölfræði á milli mánaða. Það gerir okkur þetta mjög erfitt fyrir. Ég myndi gjarnan vilja að meiri fyrirvari væri hafður á, til dæmis þegar fólk tekur sig til og flytur burt úr borginni eða flytur til hennar, það eru breytur sem við getum mjög illa haft áhrif á og þessar tölur hafa verið að breytast ævintýrlega á milli mánaða. Þannig að það sem við sjáum í dag sáum við kannski ekki endilega í byrjun september og við höfum talið að við ættum fjármagn, við náttúrlega vissum það að við áttum fjármagn fyrir 2009 árganginn, forgangsroðuðum algjörlega þannig, hefðum gjarnan viljað gera betur en töldum okkur ekki hafa ráðrúm til þess langt frameftir hausti.

Þannig að vonandi á allra næstu dögum vitum við nákvæmlega hvað við höfum í svigrúmi en ég vil og geri mér bara grein fyrir því af því að við erum hér með þessa stóru árganga og þetta er nú orðin leiðinleg tugga en þannig er þetta bara. Þetta eru stórir árgangar og hefur verið hart í ári, að við sníðum okkur stakk eftir vexti. Ég sé ekki ástæðu til þess að við þurfum að víkja frá reglum borgarinnar um leikskólaljónustu því þær segja „börn á öðru aldursári“ og það er svo okkar að forgangsraða eftir kennitölunni og eftir efni og aðstæðum hverju sinni. En ég held að hugur okkar allra standi til þess að við séum að taka börnin inn á leikskólana eins vel og við getum og eins ung og við getum.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir lokið við að svara andsvari. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

#### 4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið, vil bara þakka fyrir ítarlegar og góðar ræður sem hér hafa komið fram. Sérstaklega frá fulltrúum í skóla- og frístundaráði og vil eiginlega nota tækifærið, það hefur kannski ekki verið mikið um það að þakka skóla- og frístundaráði og -sviði og framkvæmda- og eignasviði fyrir það átak sem gert hefur verið til þess að koma börnum fæddum 2009 inn á leikskóla, því að stundum geta umræður farið fram mjög lengi hér í borgarstjórn án þess að bent sé á hið augljósa, að ef við horfum á fjárhagsáætlun næsta árs og þann fjölda barna sem verður kominn inn í leikskóla við lok þess, þá telst mér til að þeim hafi fjölgað um 600 á 2-3 árum. Og fjármagnið sem aukist hefur er milljarður á tveimur árum. Og það er eiginlega svolítið ævintýrlegt, það er ævintýrlegt að sitja síðan undir langri umræðu sem gengur út á það að það þurfi að efast um hug núverandi meirihluta til leikskólanna, þarfa leikskólabarna og fjölskyldna þeirra.

Það er ekki síst umhugsunarvert í ljósi þeirra átaka sem urðu hér fyrir ári síðan í tengslum við fjárhagsáætlun þar sem núverandi meirihluti var að auka fjármagn um 500 milljónir til að koma til móts við þetta og setti inn á framkvæmdaáætlun töluverða peninga til þess að byggja við leikskóla víðast hvar. Það vantaði ekki varnaðarorðin um að þetta væri dýrasta leiðin, þetta væri feigðarflan og myndi aldrei nást. Hvað þá að fjölga dagforeldrum sem svo hefur tekist. Sem svo hefur tekist. En það gerðist ekki að sjálfu sér heldur fyrir vinnu mjög margs góðs starfsfólks, sem borgarfulltrúar hafa haft geð í sér til þess að útnefna hér einhverskonar þöggunarstjóra í leikskólamáli þegar um er að ræða erindi og bréf sem fólki fór á milli og er búið að lesa hér upp í ræðustól borgarstjórnar þannig að allt sæmilega sanngjarnt fólk getur metið það sjálft og augljóst er að þöggun er svo fjarri lagi. Nei, þá koma hér borgarfulltrúar sem ítreka, eftir að hafa heyrt þetta lesið orð frá orði, að í þessu bréfi hafi falist einhverskonar tilskipun um að tala ekki við fréttamenn. Það er hvergi orð um það í þessu bréfi.

Það er bara sérstakt fagnaðarefni að umboðsmaður Alþingis hafi kallað eftir svörum við þessu því að í mínum huga, eftir að hafa heyrt þetta bréf orð fyrir orð, þá vekur þetta fyrst og fremst spurningar um útlekkingar á þessum saklausa tölvupósti, sem hafði það að markmiði að gefa réttar og góðar upplýsingar þannig

Bstj. 15. nóvember 2011

að hvorki væri verið að efna til einhvers misskilnings eða annars slíks, en þarna er búið að búa til stórmál og einhverja tilfinningu að því að hér sé verið að beita starfsfólk ofbeldi, ofríki eða jafnvel hótta því atvinnumissi eins og einhver leyfði sér að nefna það hér í umræðunum. Ég held við ættum frekar að vanda orð okkar og við erum í þeirri aðstöðu að hafa þessi gögn. Það er meira að segja búið að lesa þau upp hér í þessum sal og eigum ekki að þurfa að taka þátt í einhverjum leik sem gengur út á það að búa til eyður og geta síðan í eyðurnar og margfalda síðan með þremur og fá eitthvað út sem byggir ekkert á staðreyndum þessa máls.

Og ef ég mætti bæta við einni ósk í viðbót, þá er óskín sú, sem mér finnast vera góðu tíðindin í þessari umræðu, það er kannski tímabær sameiginlegur metnaður allrar borgarstjórnar og áhyggjur yfir þessu óbrúða bili milli þess þegar börnin eru 12 mánaða og 24 mánaða, sem endurspeglast þrátt fyrir allt í þessum umræðum, að borgarfulltrúar mæti þá til leiks með fullmótaðar og fullfjármagnaðar hugmyndir um hvernig þetta bil eigi að brúa. Því núna erum við með nokkuð góðar mannfjölda- og nemendaspár nokkur ár fram í tímann og það er alveg ljóst að á meðan þessi barnasprengring er, þá verður þetta mjög stórt og býsna dýrt verkefni sem er ekki nema að litlu leyti fjármagnað af foreldrum, að stærstu leyti af skattfé, og það er svolítið ævintýralegt að sitja undir umræðum þar sem þeir sem hafa í þremur ræðum áður haldið því fram að hér sé verið að oftaka skatta telja að það sé bara hægt að hrista fram leikskólaláss og starfsfólk fyrir heilan árgang, sem getur auðveldlega verið 1.700 börn, án þess að það þurfi að fjármagna á einhvern hátt. Þannig er þetta bara ekki.

Við skulum bara tala um þetta verkefni sem metnaðurinn stendur til eins og það er fiðrað, með öllu sem er við á að etja. Rýmum, húsnæði, starfsfólki, fjármagni. Hvað er eðlilegt að foreldrar borgi mikið? Hvað verður þá um dagforeldrakerfið? Eigum við að byggja þetta sjálf? Eigum við að gera þetta einhvern veginn öðruvísi? Hvernig væri að fá, næst þegar við tökum lotu í þessu, að sleppa brigislyrðunum um metnaðarleysið því 600 fullfjármögnuð pláss bera vitni um annað, brigislyrðunum um metnaðarleysið, og heyra þá hugmyndir minnihlutans sem láta hér eins og einhverskonar klúbbur sem gengur út á það að berja á meirihlutanum fyrir metnaðarleysi hans í leikskólamálu, að heyra þá hverjar raunverulegar hugmyndir eru um að koma til móts við þennan heilan árgang í

Bstj. 15. nóvember 2011

viðbót. Því það er mjög stórt, mjög metnaðarfullt, mjög mikilvægt verkefni, en það verður ekki hrist fram úr erminni. Ef við getum náð sátt um hvernig á að fjármagna það og standa að því, þá held ég að við verðum öll menn að meiru í þessari umræðu.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið máli sínu og þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson óskað eftir því að veita andsvar við ræðu hans.

**4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Júlíus Vífill Ingvarsson:** Forseti, borgarfulltrúar. Saknaði þess nú að borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson skyldi ekki lýsa því yfir hvað honum þætti endalaust vænt um okkur hér öllsömul í borgarstjórn heldur rjúka strax í svona svolítið gamaldags og venjulegt horf. Já, það getur vel verið að honum og öðrum borgarfulltrúum hér í meirihlutanum þyki óþægilegt að ræða um þá þöggun sem ég ræddi til dæmis hér í minni ræðu í ræðustól en það er nú bara svo að fjölmiðlar upplifa þetta sem þöggun. Leikskólastjórar upplifa þetta sem þöggun og umboðsmaður Alþingis veltir því upp hvort þetta sé ekki þöggun, eða vill skoða málið nánar. Ég ætla ekki að loka augunum fyrir þessu. Þið getið gert það í meirihlutanum ef þið kjósið svo.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

#### **4. mál Umræða um leikskólamál (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Í mínum huga er þöggun alveg gríðarlega stórt orð og mjög alvarlegt og þær ásakanir sem hér eru fram bornar mjög alvarlegar og merkilegar og í raun ótrúlegar, miðað við að gögn málsins liggi nokkuð skýrt fyrir. Ég vil bara ítreka að ég fagna því að umboðsmaður Alþingis hafi látið þetta mál til sín taka og vona og óska raunar eftir því að þeir sem munu svara því erindi muni sérstaklega hvetja til þess að því verði svarað fljótt og vel því það er mjög vont að liggja undir svona stórum orðum og það hlýtur að vera mjög mikill ábyrgðarhluti af þeim sem þau nota.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að svara andsvari. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs undir þessum lið og telst umræðu lokið. Við förum í 5. mál á dagskrá. Þá er lögð fram fundargerð borgarráðs frá því 3. nóvember og tekinn er fyrir 1. liður hennar sem er tillaga um eigendalán til Portusar. Og þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon óskað eftir því að taka til máls.